

8. febrúar 1972.

93

Nr. 45.

HEILBRIGÐISREGLUGERÐ

I. KAFLI

A. Almenn ákvæði.

1. gr.

1. 1. Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. grein laga nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

2. gr.

2. 1. Reglugerðin gildir fyrir allt Ísland ásamt með landhelgi og lofthelgi.

3. gr.

3. 1. Sveitarfélög annast heilbrigðiseftirlit hvert í sínu umdæmi.
3. 2. Í hverju sveitarfélagi skal vera heilbrigðisnefnd.
3. 3. Með leyfi ráðherra er sveitarfélögum heimilt að sameina umdæmi heilbrigðisnefnda þannig, að það nái yfir tvö eða fleiri sveitarfélög.

4. gr.

4. 1. Heimilt er að setja sérstakar heilbrigðissamþykktir, er gilda fyrir einstök sveitarfélög, a) um þætti, sem ekki eru ákvæði um í heilbrigðisreglugerð, b) til að gera um einstök atriði ríkari kröfur en gerðar eru í heilbrigðisreglugerð.
4. 2. Hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd (heilbrigðismálaráð, þar sem það á við eins og annars staðar í reglugerð þessari, þar sem vikið er að heilbrigðisnefnd) semur með aðstoð héraðslæknis (í Reykjavík borgarlæknis eins og annars staðar í reglugerð þessari, þar sem vikið er að héraðslæknum), og ef með þarf annarri sérfræðilegri aðstoð, frumvarp til breytinga á henni og leggur fyrir hlutaðeigandi sveitarstjórn. Þegar sveitarstjórn hefur samþykkt frumvarpið, afgreiðir hún það til ráðherra, er staðfestir það eða synjar því staðfestingar, að fengnum tillögum landlæknis.
4. 3. Nú þykir ástæða til að kveða á um atriði í heilbrigðissamþykkt, sem eru ákvæði um í heilbrigðisreglugerð og ekki verða heimfærð undir neinn tölu-lið 10. greinar laganna, og skal þá heimilt að taka atriðið upp í samþykktina, enda sé það sambærilegt við önnur atriði, sem talin eru upp í 10. greininni.

5. gr.

5. 1. Heilbrigðiseftirlit ríkisins hefur yfirumsjón með heilbrigðiseftirlitinu í landinu.

6. gr.

6. 1. Héraðslæknir er faglegur ráðunautur sveitarstjórnar og heilbrigðisnefndar.
6. 2. Héraðslæknir lætur Heilbrigðiseftirliti ríkisins svo og hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd í té, svo fljótt sem við verður komið, upplýsingar um mataræitranir, sem upp kunna að koma og aðra sjúkdóma, sem ætla má að berist með mat.

7. gr.

7. 1. Héraðsdýralæknir skal svo fljótt sem við verður komið láta hlutaðeigandi héraðslækni og heilbrigðisnefnd í té upplýsingar um sjúkdóma þá í dýrum, er hann verður var við í starfi sínu og ætla má, að mengað geti matvæli og borizt í menn.

8. gr.

8. 1. Heilbrigðisfulltrúar eru starfsmenn sveitarfélaga og starfa í umboði heilbrigðisnefndar að heilbrigðiseftirliti undir yfirumsjón héraðslæknis.

9. gr.

9. 1. Þar sem enginn heilbrigðisfulltrúi er ráðinn til starfa, hafa heilbrigðisnefndarmenn á hendi heilbrigðiseftirlit í umdæmi sínu, undir yfirumsjón héraðslæknis.

10. gr.

10. 1 Látí sveitarstjórn undir höfuð leggjast að kjósa heilbrigðisnefnd, gegnir sveitarstjórnin sjálf störfum nefndarinnar, unz heilbrigðisnefnd hefur verið kosin eða umdæmi sameinuð.

11. gr.

11. 1. Sveitarstjórn skal ávallt leita umsagnar heilbrigðisnefndar um hvers konar ráðstafanir eða framkvæmdir, er varða hollustuhætti á einn eða annan hátt.

12. gr.

12. 1. Sveitarstjórn greiðir kostnað við störf heilbrigðisnefndar, sem og kostnað við almennt eftirlit með hollustuháttum í umdæminu, sbr. þó 7. gr. laga nr. 24 1936.
12. 2. Skipting kostnaðar við heilbrigðisnefndir og heilbrigðiseftirlit skv. 3. gr. 3., skal vera í hlutfalli við íbúatölu sveitarfélaganna.

13. gr.

13. 1. Ef ágreiningur ris milli heilbrigðisnefndar og sveitarstjórnar um tilhögun eða framkvæmd heilbrigðisráðstöfunar, skulu aðilar leggja málið fyrir Heilbrigðiseftirlit ríkisins.
13. 2. Nú tekst því ekki að miðla málum, og má þá leita úrskurðar ráðherra.
13. 3. Sömu málsmeðferð má hafa, ef héraðslæknir eða héraðsdýralæknir fá ekki framgengt þeim heilbrigðisráðstöfunum, sem þeir telja nauðsynlegar.

14. gr.

14. 1. Nú telur landlæknir nauðsyn á heilbrigðisráðstöfun, sem varðar almenningshéill, en hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd fæst ekki til að láta málið til sín taka eða gengur ekki nægilega ríkt eftir framkvæmdum, og er þá ráðherra heimilt, að fengnum tillögum landlæknis, að gefa út fyrirmæli um framkvæmd ráðstöfunarinnar.

14. 2. Nú telur Heilbrigðiseftirlit ríkisins, að svo alvarleg hætta stafi af tiltekinni starfsemi, að aðgerðir þoli enga bið, og er því þá heimilt til bráðabirgða að stöðva starfseminna, en tilkynna skal það tafarlaust hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd. Nú fellst heilbrigðisnefndin ekki á ráðstöfunina, og skal þá Heilbrigðiseftirlitið, er heilbrigðisnefnd hefur skriflega tilkynnt því ágreininginn, skjóta málinu til úrskurðar ráðherra. Ein greinargerð frá hvorum aðila skal fylgja málskotinu.
14. 3. Frestur heilbrigðisnefndar til málskots samkv. þessari málsgr. skal vera 1 vika frá því er henni berst tilkynningin, en innan viku þar frá skal Heilbrigðiseftirlitið hafa afgreitt skjöl málsins til ráðherra. Málskotið frestar ekki upphaflegri ákvörðun Heilbrigðiseftirlitsins.

15. gr.

15. 1. Nú er öðrum aðila eða aðilum en heilbrigðisnefnd falið með sérstökum lögum eftirlit með stofnun eða starfærslu, sem þessi lög taka til, og fara fyrirmæli þess eða þeirra aðila í bág við fyrirmæli heilbrigðisnefndar, og reynast tilraunir til samræmingar fyrirmælanna árangurslausar, og skal þá leggja málið fyrir landlækni, sem sker úr um ágreininginn.
15. 2. Nú sættir annar hvor aðili sig ekki við úrskurð landlæknis, og má þá skjóta málinu til ráðherra til fullnaðarúrskurðar.

16. gr.

16. 1. Heilbrigðiseftirliti ríkisins, héraðslæknum, heilbrigðisnefndum og heilbrigðisfulltrúum skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits að öllum þeim stöðum, sem ákvæði II.—XXI. kafla þessarar reglugerðar fjalla um.

17. gr.

17. 1. Rannsóknarstofnanir ríkisins skulu annast nauðsynlegar rannsóknir á sýnishornum vegna heilbrigðiseftirlits skv. reglum þessum.
17. 2. Þó er heimilt að láta rannsaka slík sýni á öðrum rannsóknarstofum, enda hafi ráðherra úrskurðað þær fullgildar til slíkra rannsókna.

18. gr.

18. 1. Á fjárhagsáætlun sveitarfélags skal jafnan í samráði við heilbrigðisnefnd veitt nokkur fjárhæð, er nefndin getur ráðstafað til nauðsynlegra heilbrigðisframkvæmda.
18. 2. Að öðru leyti skal leita samþykkis sveitarstjórnar áður en hafnar eru framkvæmdir, sem hafa útgjöld í för með sér.

B. Um skipan og fundarstörf heilbrigðisnefndar.

19. gr.

19. 1. Sveitarstjórn ákveður tölu heilbrigðisnefndarmanna, en þó skulu ekki færri en 3 eiga sæti í nefndinni.
19. 2. Heilbrigðisnefnd skal kosin af sveitarstjórn til 4 ára í senn að afloknum hverjum almennum sveitarstjórnarkosningum. Þá má og kjósa jafnmarga nefndarmenn til vara og láta þess getið, í hverri röð þeir skuli kvaddir til fundar.
19. 3. Um kosningatilhögun heilbrigðisnefndar skv. 3. gr. 3., skulu vera ákvæði í samningum sveitarfélaga um sameiningu umdæma.
19. 4. Sveitarstjórn kys formann heilbrigðisnefndar úr hópi nefndarmanna.

19. 5. Nefndin kýs varaformann og ritara úr sínum hópi.
19. 6. Kjör heilbrigðisnefndar skal þegar í stað tilkynna Heilbrigðiseftirliti ríkisins og hlutaðeigandi héraðslækni.

20. gr.

20. 1. Héraðslækni er skylt að sitja heilbrigðisnefndarfundir í því sveitarfélagi, þar sem hann er búsettur, þótt hann eigi ekki sæti í nefndinni, og heimilt er honum að sitja fundi allra heilbrigðisnefnda í læknishéraði hans. Á fundum hefur hann málfrelsi og tillögurétt. Skal tilkynna honum í tæka tíð stund, stað og dagskrá hvers fundar.
20. 2. Nú situr héraðslæknir ekki heilbrigðisnefndarfund, og skal þá senda honum afrit af fundargerð, þegar að fundi loknum.

21. gr.

21. 1. Héraðsdýralækni skal gefinn kostur á að sitja heilbrigðisnefndarfund, þegar formaður eða héraðslæknir telja þess þörf, og hefur hann þar málfrelsi og tillögurétt.
21. 2. Heilbrigðisnefnd getur kallað aðra sérfræðinga til aðstoðar við afgreiðslu mála, ef nauðsyn krefur.

22. gr.

22. 1. Heilbrigðisnefndarmenn skulu víkja af fundi, þegar mál er tekið fyrir, sem þeir eru beinir aðilar að/eða á annan hátt nátengdir, að dómi formanns.

23. gr.

23. 1. Heilbrigðisnefnd skal hafa fastan fundartíma eigi sjaldnar en tvisvar á ári í dreifbýli og eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði í stærri kaupstöðum. Þess á milli skulu fundir haldnir, þegar formaður telur þess þörf, héraðslæknir eða helmingur nefndarmanna óskar.
23. 2. Varamenn í heilbrigðisnefnd skulu eiga þess kost að sitja fundi nefndarinnar.
23. 3. Afgreiðsla máls í heilbrigðisnefnd er lögleg, sé helmingur nefndarmanna hið minnsta viðstaddur afgreiðsluna.

24. gr.

24. 1. Formaður heilbrigðisnefndar sér um að haldin sé gerðabók og bréfabók.
24. 2. Í fundargerð skal ætíð koma fram, hverjir heilbrigðisnefndarmanna voru viðstaddir afgreiðslu einstakra mála, sem meðferð hlutu á fundinum.
24. 3. Í fundargerð skal gera stutta grein fyrir hverju máli og tillögum þeim, sem fram koma um afgreiðslu þess. Þá skal þess og getið, hversu atkvæði nefndarmanna falla við afgreiðslu málsins.
24. 4. Þá er skylt að bóka stutta greinargerð fyrir einstökum atkvæðum, sé þess óskað.
24. 5. Fundargerð skal undirrita hið síðasta tveim dögum eftir fund.
24. 6. Formaður sér um, að heilbrigðisnefndarfundir séu boðaðir nefndarmönnum, héraðslækni og eftir atvikum heilbrigðisfulltrúa, „umsjónarmanni vinnustaða“ (sbr. gr. 38. 4.) og héraðsdýralækni.
24. 7. Við boðun fundar skal tilkynna dagskrá fundarins.
24. 8. Nefndarmenn skulu tilkynna formanni, geti þeir eigi sótt fund, þannig að hann geti boðað varamenn í þeirra stað.

25. gr.

25. 1. Heilbrigðisnefnd getur veitt einum eða fleiri nefndarmönnum eða öðrum trúnaðarmönnum nefndarinnar umboð til afgreiðslu tiltekinna mála eða eftirlit með tilteknum framkvæmdum. Undanskilin eru mál, sem hafa verulegan kostnað í för með sér, ákvörðun dagsekta, meiri háttar kærumál, umsagnir til sveitarstjórna eða yfirvalda ríkisins eða ákvörðun um að vinna meiri háttar verk á kostnað aðila, sem ekki hefur hlítt fyrirmælum heilbrigðisnefndar. Skal gefin skýrsla um slík umboðsstörf. Ákvörðun um slíkt umboð skal tilkynna sveitarstjórn.
25. 2. Tilkynna skal sveitarstjórn og öðrum aðilum um umboðsstörf einstakra trúnaðarmanna á vegum heilbrigðisnefndar.

C. Um hlutverk og valdsvið heilbrigðisnefndar.

26. gr.

26. 1. Heilbrigðisnefnd sér um, að haldin séu ákvæði þessarar reglugerðar svo og annarra reglugerða, samþykkt, og laga, er að heilbrigðismálum lúta.
26. 2. Nefndin hefur eftirlit með öllu því, er varðar þrifnað, heilbrigði og hollustuhætti í umdæminu og gefur um það fyrirmæli, í samræmi við lög og reglur, sem öllum hlutaðeigandi er skylt að hlíta.
26. 3. Nefndinni er heimilt að láta rannsaka allt það, er þessi reglugerð fjallar um, svo og annað, er að þrifnaði og hollustuháttum lýtur, utan húss og innan.
26. 4. Nefndin hefur eftirlit með almennum þrifnaði og hreinlæti utan húss og lætur fara fram almenna hreinsun á lóðum og lendum á hverju vori og endranær eftir þörfum.
26. 5. Nefndin getur krafizt lagfæringar og viðgerðar á lóðum og portum, ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar.
26. 6. Nefndin hefur eftirlit með vatnsveitu, sjóveitu, vatnsbólum og húsbrennum, sömuleiðis með vatni og sjó á sund- og baðstöðum og lætur taka sýni til rannsóknar, þegar ástæða þykir til.
26. 7. Nefndin getur bannað notkun vatns úr sjóveitu, vatnsveitu, brunnum og öðrum vatnsbólum og látið loka sund- og baðstöðum, ef hún telur þess þörf.
26. 8. Nefndin hefur eftirlit með vatnsrennum og húspökum, þar sem þakvatn er notað til drykkjar.
26. 9. Nefndin hefur eftirlit með almenningssalernum, þvagstæðum, skolpræsum og meðferð á sorpi úr húsum og enn fremur sporprellum í húsum.
26. 10. Nefndin getur bannað notkun á skolpræsum og sorprellum eða krafizt breytingar á þeim, ef hún telur þess þörf.
26. 11. Nefndin gerir ráðstafanir til upprætingar hvers konar meindýra úr húsum, vörugeymslum, verzlunum og húbýlum og getur bannað afnot húsnæðis, unz dýrin hafa verið upprætt.
26. 12. Nefndin getur krafizt þess, að hús séu gerð rottuheld.
26. 13. Nefndin getur gert ráðstafanir til útrýmingar hvers konar ónyttjadyra og óskiladyra; þar eru meðtaldir fuglar, t. d. dúfur og mávar, sem spillt gætu neyzluvatni af þökum eða í vatnsbólum.
26. 14. Nefndin hefur eftirlit með leiguíbúðum, kjallaraíbúðum og öllum lélegum íbúðum og gengst árlega fyrir skoðun á þeim.
26. 15. Nefndin getur bannað notkun íbúða, ef hún telur þær hættulegar heilsu manna.
26. 16. Nefndin hefur eftirlit með öllum stofnunum, fyrirtækjum og rekstri, sem er fjallað um í VIII.—XVIII. kafla þessarar reglugerðar, og getur krafizt end-

- urbóta og lagfæringar á húsnaði, tækjum, aðbúnaði og frágangi, svo og hreinsunar eða bannað afnot húsnaðis, ef hún telur þess þörf.
26. 17. Við nýbyggingar og breytingar skal leita samþykkis heilbrigðisnefndar og leggja fyrir hana fullgilda teikningu af fyrirhuguðum framkvæmdum og lýsingu á umhverfi staðarins.
26. 18. Nefndin heldur skrá yfir allar þær stofnanir, fyrirtæki og rekstur, sem um er fjallað í samþykkt þessari.
26. 19. Nefndin aðstoðar héraðslækni við hvers konar sóttvarnir, eftir því sem hann telur þörf á.
26. 20. Ef nauðsyn ber til, er nefndinni heimilt að ráða starfsfólk til bráðabirgða til sóttgæzlu, eftirlits eða hjúkrunar, en leita skal hún þá samþykkis sveitarstjórnar svo fljótt sem auðið er.
26. 21. Nefndin hefur heimild til að gera ríkari kröfur til tryggingar þrífnaði og hollustuháttum en beinlínis er fyrir mælt í reglugerð þessari, að því er varðar hvert einstakt atriði, en jafnan skulu þær kröfur vera í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar um hliðstæð atriði eða almennt viðurkenndar þrífnaðar- og heilbrigðisreglur.
26. 22. Nefndin kynnir hlutaðeigendum þau ákvæði þessarar reglugerðar, annarra reglugerða og almennra laga, er að heilbrigðismálum lúta og þá varða. Sama máli gegnir um fyrirmæli, er hún gefur.
26. 23. Þegar sótt er um leyfi til að reisa meiri háttar iðjuver, fyrirtæki eða stofnun, sem hefur almenna þýðingu eða hugsanlegt er, að mengunarhætta geti stafað af, ber hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd eða sveitarstjórn að leita samþykkis Heilbrigðiseftirlits ríkisins, áður en leyfið er veitt.

27. gr.

27. 1. Það er skylda heilbrigðisnefnda í hverju umdæmi:
27. 1.1. Að fylgjast með þróun og horfum á þeim sviðum, sem snerta hollustuhætti.
27. 1.2. Að vinna að bættum hollustuháttum. Í því skyni skal heilbrigðisnefnd gera tillögur og birta álit sitt um hvaðeina, sem hún telur þörf á í því sambandi.
27. 1.3. Að vinna með öðrum þeim opinberum aðilum, sem hafa með höndum mál, sem snerta heilbrigði og hollustuhætti eða áhrif kunna að hafa í sambandi við framkvæmd mála, sem snerta verksvið heilbrigðisnefndar.
27. 1.4. Að stuðla að samvinnu og eftir atvikum sameiningu heilbrigðisnefndarumdæma.
27. 1.5. Að láta almenningi í té upplýsingar og fræðslu um hollustuhætti.
27. 1.6. Að stuðla að heilbrigðisfræðslu í þeim fyrirtækjum eða starfshópum, sem þörf er á, þeirra vegna eða almennings.

28. gr.

28. 1. Heilbrigðisnefnd er heimilt að fyrirskipa stöðvun á starfsemi, ef skilyrðum laga, heilbrigðisreglugerðar eða heilbrigðissamþykktar eða fyrirmælum heilbrigðisnefndar, er ekki fullnægt, t. d. um starfsemina eða húsnaði það, land eða tæki, sem notað er.
28. 2. Almennar fyrirskipanir og áminningar varðandi framkvæmd heilbrigðisreglugerðar þessarar eða heilbrigðissamþykktar, ber að birta hlutaðeigendum á þann hátt, sem títt er að birta opinberar auglýsingar og á þeim stað, sem í hlut á.

29. gr.

29. 1. Heilbrigðisnefnd skal árlega láta gera skýrslu um almenna hollustuhætti í umdæminu á næstliðnu ári, ásamt skýrslu um störf nefndarinnar á árinu.

29. 2. Skýrsla heilbrigðisnefndar skal gerð í samræmi við fyrirmæli Heilbrigðiseftirlits ríkisins þar að lútandi.
29. 3. Þrír af þessari skýrslu skulu send héraðslækni fyrir marzlok, en hann sendir landlækni eitt eintak og Heilbrigðiseftirliti ríkisins annað eintak eigi síðar en fyrir apríllok.

D. Um heilbrigðisfulltrúa.

30. gr.

30. 1. Í kaupstað með um 10 000 íbúum eða fleiri skal ráða heilbrigðisfulltrúa, sem er sérmenntaður í heilbrigðiseftirliti, einn eða fleiri eftir íbúafjölda, þannig að ekki komi að jafnaði fleiri en 15 000—16 000 íbúar á einn og sama fulltrúa.
30. 2. Ef ekki er völ á sérmenntuðum manni í starf heilbrigðisfulltrúa, getur landlæknir heimilað, að ráðinn verði maður í starfið um stundarsakir, eða þar til völ er á sérmenntuðum manni.
30. 3. Starf heilbrigðisfulltrúa samkvæmt þessari málsg. skal teljast fullt starf.
30. 4. Í hverjum kaupstað með færri en 10 000 íbúum og í hverjum kaupsýsluhreppi, þar sem 800 manns eða fleiri eru búsettir í kaupsýsluninu, skal ráða heilbrigðisfulltrúa, og ákveður sveitarstjórn daglegan eða vikulegan starfstíma hans.
30. 5. Heilbrigðisfulltrúi má hafa annað aðalstarf með höndum, sem samrýmt getur heilbrigðiseftirlitsstarfinu.
30. 6. Í öðrum sveitarfélögum en þeim, sem um getur í 30. 1. og 30. 4., skal ráða heilbrigðisfulltrúa með sama hætti og segir í 30. 4., þegar sveitarstjórn ákveður, að fengnum tillögum heilbrigðisnefndar.
30. 7. Heimilt er sveitarfélögum með samningi að sameinast um heilbrigðisfulltrúa, en ekki skulu að jafnaði koma fleiri en 15 000—16 000 íbúar á einn og sama fulltrúa.
30. 8. Sveitarstjórn ræður heilbrigðisfulltrúa að fenginni tillögu heilbrigðisnefndar og umsögn héraðslæknis og setur honum erindisbréf með ráði sömu aðila.
30. 9. Laun heilbrigðisfulltrúa skulu greidd úr sveitarsjóði.
30. 10. Áður en ráðinn er heilbrigðisfulltrúi samkvæmt 30.1., skal leitað álits landlæknis um undirbúningsmenntun umsækjanda, og má ráða þann einn, sem er sérmenntaður til slíks starfs að dómi hans, sbr. þó 30. 2. Landlæknir gefur út leiðbeiningar um, hvað teljist sérmenntun í heilbrigðiseftirliti, svo og hvernig slíkrar sérmenntunar verði aflað.
30. 11. Heilbrigðisfulltrúa er skylt að sitja fundi heilbrigðisnefndar, og hefur hann þar þá málfrelsi og tillögurétt.
30. 12. Þegar erindi er til afgreiðslu, sem héraðslæknir eða heilbrigðisfulltrúi hefur undirbúið, skal greinargerð þeirra fylgja erindinu.
30. 13. Heilbrigðisfulltrúi annast, undir umsjón héraðslæknis, allt daglegt eftirlit fyrir hönd heilbrigðisnefndar skv. nánari fyrirmælum erindisbréfs.
30. 14. Þar sem heilbrigðisfulltrúi er ekki, skipta heilbrigðisnefndarmenn með sér heilbrigðiseftirlitinu, undir umsjón héraðslæknis og eftir nánari ákvörðun formanns heilbrigðisnefndar.

E. Um Heilbrigðiseftirlit ríkisins.

31. gr.

31. 1. Ríkið starfrækir stofnun, sem nefnist Heilbrigðiseftirlit ríkisins. Skal það skipað forstöðumanni (yfirlækni, ef um lækni er að ræða), og fyrst í stað tveimur heilbrigðisráðunautum honum til aðstoðar.

31. 2. Heilbrigðiseftirlit ríkisins hefur, undir stjórn landlæknis, yfirumsjón með heilbrigðiseftirlitinu í landinu skv. heilbrigðisreglugerð og þeim ákvæðum laga og annarra reglna og samþykktá, er hollustuhætti varða og heilbrigðisnefndum ber að sjá um framkvæmdir á.
31. 3. Heilbrigðiseftirlit ríkisins er til ráðuneytis yfirstjórn heilbrigðismála, heilbrigðisnefndum og öðrum opinberum aðilum, er um heilbrigðiseftirlit fjalla.
31. 4. Heilbrigðiseftirlitið skal stuðla að því, að haldið sé uppi skipulegri fræðslu um hreinlætishætti fyrir þá, sem fást við matvæli og aðra neyzluvöru.
31. 5. Forstöðumaður Heilbrigðiseftirlitsins og heilbrigðisráðunautar eiga rétt til setu á fundum heilbrigðisnefnda og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

32. gr.

32. 1. Heilbrigðiseftirlit ríkisins skal vera á verði um allt, er varðar heilbrigði og hollustuhætti í landinu, og getur, ef ástæða þykir til, gert eða látið gera sérstakar rannsóknir á tilteknum umhverfisþáttum, sem kunna að varða heilbrigði almennings í landinu, beint eða óbeint.
32. 2. Heilbrigðiseftirlitið miðlar heilbrigðisnefndum upplýsingum og nauðsynlegri þekkingu, svo sem kostur er.
32. 3. Þá ber heilbrigðisnefndum að láta Heilbrigðiseftirliti ríkisins í té upplýsingar um vandamál í sambandi við starf þeirra í héruðunum.

33. gr.

33. 1. Heilbrigðiseftirlit ríkisins skal stuðla að aukinni kunnáttu þeirra, sem við heilbrigðiseftirlit fást, m. a. með því að gangast fyrir námskeiðum fyrir heilbrigðisnefndarmenn og heilbrigðisfulltrúa í landinu.
33. 2. Heilbrigðiseftirlitið skal, ásamt Sambandi íslenskra sveitarfélaga, vinna að samstarfi heilbrigðisnefnda í einstökum byggðarlögum og landshlutum.

34. gr.

34. 1. Heilbrigðiseftirlit ríkisins lætur heilbrigðisnefndum í té nauðsynleg hjálpargögn, eftir atvikum, svo sem eyðublöð og fræðsluefni fyrir almenning.

35. gr.

35. 1. Heilbrigðiseftirlit ríkisins skal, eftir því sem föng eru á, stuðla að almennri fræðslu um hollustuhætti í landinu.

F. Ýmis ákvæði.

36. gr.

36. 1. Ekki má setja á fót neina þá stofnun eða fyrirtæki né hefja neinn þann rekstur, sem um er fjallað í VIII.—XV. og XVIII. kafla þessarar reglugerðar, nema heilbrigðisnefnd hafi veitt leyfi af sinni hálfu, og farið sé að fyrirmælum hennar um allt, er varðar hollustuhætti. Slíkt leyfi þarf einnig til fyrirhugaðra breytinga á húsakynnum eða rekstri.
36. 2. Öllum hlutaðeigendum er skylt að veita nefndinni eða umboðsmönnum hennar nauðsynlegan aðgang til eftirlits að stofnun þeirri, fyrirtæki eða rekstri, er þeir stýra.

37. gr.

37. 1. Starfsfólk þeirra stofnana og fyrirtækja, sem um er fjallað í VIII.—XVIII. kafla þessarar reglugerðar skal sanna árlega með læknisvottorði og oftár, ef þurfa þykir, að það sé ekki haldið neinum þeim sjúkdómi, kvilla eða óþrifum, sem öðrum getur stafað hættu af eða vakið getur ógeð þeirra, er við það eiga skipti.

37. 2. Starfsfólkið skal í starfi sínu gæta svo rækilega hreinlætis sem auðið er, ganga þokkalega og hreinlega til fara, sápuþvo sér um hendur hverju sinni, eftir að það hefur gengið til salernis, og endranær eftir þörfum.
37. 3. Starfsfólk í heilbrigðisstofnunum, barnaheimilum, neyzluvörubúðum, matvælaíðnaði, rakara-, hárgreiðslu- og snyrtistofum, baðhúsum og sundlaugum skal klæðast sérstökum hreinum, ljósleitum hlífðarfötum við starf.
37. 4. Starfsfólk í matvæla-verzlunum og við hvers konar matvælaíðnað skal hafa hreina kappu, húfur eða hárnét á höfði og má ekki reykja í nánd við óvarin matvæli.

38. gr.

38. 1. Húsakynni þeirra stofnana og fyrirtækja, sem um er fjallað í VIII.—XVIII. kafla þessarar reglugerðar, skulu fullnægja þessum almennu skilyrðum: vera rúmgóð, björt, hæfilega hituð og vel loftræst og að öllu leyti samilegur dvalarstaður mönnum, þó með fullu tilliti til eðlis starfseminnar.
38. 2. Í húsakynnum þeim, sem um er fjallað í IX.—XVI. og XVIII. kafla þessarar reglugerðar, skulu eftir því, sem við getur átt, gólf lögð gólfdukk eða öðru jafngildi, sem auðvelt er að þrifa, loft máluð og veggir málaðir eða á annan hátt þannig frá þeim gengið, að auðvelt sé að halda þeim hreinum.
38. 3. Í stofnunum þeim og fyrirtækjum, sem um er fjallað í VIII.—XVIII. kafla þessarar reglugerðar, skal starfsfólk eiga greiðan aðgang að fatageymslu, rennandi vatni, hæfilega mörgum salernum, að dómi heilbrigðisnefndar, svo og þvagstæðum, ef þurfa þykir, handlaugum, hreinum handklæðum eða pappírspurrkum og öðrum nauðsynlegum hreinlætisgögnum. Skulu konur vera sér um salerni og karlar sér, ef minnst 5 af hvoru kyni starfa saman, sbr. 62. gr. 2. Gestum veitingastaða skal séð fyrir sams konar þægindum á öllum stöðum, sem ætlaðir eru til slíkra afnota.
38. 4. Sérstakur fulltrúi verkafólks, „umsjónarmaður vinnustaða“ eða varamaður hans, tilnefndur af fulltrúaráði eða fjórðungssambandi skal eiga þess kost að sitja heilbrigðisnefndarfundum með málfrelsi og tillögurétti. Þar sem ekki starfa sérstakir heilbrigðisfulltrúar, skal „umsjónarmaður vinnustaða“ í heilbrigðisnefnd, hafa með höndum eftirlit vinnustaða undir yfirumsjón héraðslæknis. Jafnan skal hann hafa samráð við trúnaðarmann verkamanna um allt, sem að bættum aðbúnaði og hollustu lýtur og gefa honum kost á að fylgjast með því, hvað umbótum líður.

39. gr.

39. 1. Húsakynnum þeirra stofnana og fyrirtækja, sem um er fjallað í VIII.—XVIII. kafla þessarar reglugerðar, skal haldið svo hreinum og snyrtilegum sem auðið er. Þar sem einhvers konar starfsemi fer fram að staðaldrí og þar sem bað á við, skulu gólf þvegin daglega og oftár, ef þurfa þykir, en ekki sópað.
39. 1.1. Áhöld og innanstokksmuni, lausa og fasta, skal þvo eða hreinsa á viðeigandi hátt eftir þörfum.
39. 1.2. Allsherjar hreingerning, málun eða kölkun skal fara fram a. m. k. einu sinni á ári.
39. 2. Ekki má hleypa hundum, köttum eða öðrum dýrum inn í húsakynni þau, sem um ræðir í IX.—XV. kafla og í XVIII. kafla.

II. KAFLI

Um hreinlæti og þrifnað utan húss.

40. gr.

40. 1. Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með almennum þrifnaði og hreinlæti utan húss og hlutast til um, að fram fari almenn hreinsun á lóðum og lendum á hverju vori og endranær, eftir þörfum, í þrifnaðarskyni eða til að forða slysum.
40. 2. Nefndin getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóðum og mannvirkjum, ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar og hefur almenna þýðingu.
40. 3. Enn fremur er nefndinni heimilt að fyrirskipa niðurrif húsa og girðinga, ef sérstök ástæða er til.

41. gr.

41. 1. Sveitarstjórn skal sjá um, að komið sé fyrir ílátum undir rusl á götum í þéttbýli, torgum og öðrum stöðum, þar sem þörf er á. Þá skal og séð fyrir reglubundinni tæmingu þessara íláta.

42. gr.

42. 1. Umráðamönnum lóða er skylt að halda þeim hreinum og snyrtilegum.
42. 2. Heilbrigðisnefnd getur, ef þurfa þykir, krafist að lóðir séu girtar og lagfærðar á viðunandi hátt. Sveitarstjórn skal sjá um, að hreinsun fari fram á opinberum stöðum, t. d. görðum og torgum, og hún getur látið hreinsa einkalóðir á kostnað eigenda, ef þess gerist þörf.

43. gr.

43. 1. Eigi má fleygja rusli, úrgangi þ. á m. olfusora eða öðru því, er valdið getur óþrifnaði, óheilnæmi eða óþrýði á lóðir, hafnir, flóa og firði, fjörur eða yfirleitt á almannafæri, né skilja slíkt þar eftir eða valda því að það berist þangað.
43. 2. Þeir, sem annast flutninga á almannafæri, skulu haga þeim þannig, að ekki valdi óþrifnaði.

44. gr.

44. 1. Eigi má haga hreinsun húsa, verzlunarbúða eða búshluta þannig, að leitt geti til óþrifnaðar umhverfis.

45. gr.

45. 1. Eigi má hafa á almannafæri fiskifang eða annað, sem óþef eða óþrifnaði getur valdið.
45. 2. Um staðsetningu fiskhjalla til þurrkunar á harðfiski og hákarli fer eftir fyrirmælum heilbrigðisnefndar.

46. gr.

46. 1. Sorphauga, áburðarhauga, safngryfjur, forir, roðbrær og því um líkt, ber að staðsetja samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisnefndar. Skal haft samráð við nefndina eða fulltrúa hennar um allt slíkt fyrirkomulag.

47. gr.

47. 1. Á skipulagsskyldum svæðum ber sveitarstjórn að hlutast til um reglubundna hreinsun akbrauta, gangstétta og gangbrauta.
47. 2. Á óskipulögðum svæðum ber þeim aðila, sem sér um viðhald vega að sjá um, að þeir og næsta umhverfi þeirra sé hreinsað árlega.

48. gr.

48. 1. Að öðru leyti skal gætt ákvæða 26. greinar svo og ákvæða lögreglusamþykktar og annarra laga og reglna, sem um þetta efni fjalla og gilda fyrir umdæmið.

III. KAFLI

Um vatnsveitur, vatnsból og brunna.

49. gr.

49. 1. Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með vatnsveitum og vatnsbólum og lætur taka af vatninu sýni til rannsókna, þegar ástæða þykir til sbr. 54. grein. Sama gildir um vatn til notkunar um borð í skipum eða öðrum farartækjum, svo og um sjó úr sjóveitum.
49. 2. Nefndin getur bannað notkun vatns úr vatnsveitu eða öðrum vatnsbólum og getur látið loka þeim, ef hún telur þess þörf, eða sett varúðarreglur um notkun vatnsins.
49. 3. Heilbrigðisnefnd getur fyrirskipað, að vatn sé klórblandað og sé farið eftir nánari fyrirmælum heilbrigðisnefndar um allt eftirlit með slíku vatni.
49. 4. Sé vatn flúorblandað skal hlíta fyrirmælum heilbrigðisnefndar um tæki, flúormagn og eftirlit með því.

50. gr.

50. 1. Brunnar og vatnsból skulu vera í öruggri fjarlægð frá mannvirkjum, starfsemi eða öðru, sem ætla má að spillt geti vatninu, ef vatn úr þeim er notað til drykkjar, matargerðar eða á annan hátt til meðferðar eða geymslu matar, sem og til hreinsunar á tækjum.
50. 2. Brunnar og vatnsból skulu yfirbyggð og þannig frá þeim gengið, að yfirborðsvatn og önnur óhreinindi berist ekki í þau.

51. gr.

51. 1. Leiðslur, dælur, geymar og annað, sem notað er við vatnsveitu, skal vera þannig gert og þannig viðhaldið, að vatn spillist ekki svo varhugavert sé frá hollustu- og almennu notagildissjónarmiði.
51. 2. Eftirfarandi ákvæði gilda um saurgerla (coli) í neyzluvatni:
Vatnið nothæft: Saurgerlar ekki finnanlegir í 100 ml.
Vatnið gallað: 1—9 saurgerlar í 100 ml.
Vatnið ónothæft: 10 eða fleiri saurgerlar í 100 ml eða „fecal“-saurgerlar finnanlegir í 100 ml.

52. gr.

52. 1. Bannað er að spilla vatnsbólum.

53. gr.

53. 1. Heilbrigðisnefnd ber að gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir, að vatnsból, vötn og grunnvatn spillist. Sama gildir um aðra staða, s. s. ár, læki eða vötn, þar sem vatn er tekið til notkunar, t. d. til neyzlu.
53. 2. Oliuflutningar eru ekki leyfðir það nálægt vatnsbólum, að mengun vatnsins geti hlotið af, ef óhapp vill til við flutninginn.
53. 3. Nefndin getur gefið út frekari fyrirmæli um umferð við vatnsból í umdæminu, svo og um byggingu sumarhúsa, og annarra mannvirkja þar.
53. 4. Skylt er að tilkynna heilbrigðisnefnd tafarlaust, ef vitað er um óhreinun á vatnsveituvatni.

54. gr.

54. 1. Vatn, sem notað er til vantsveitu á skipulagsskyldu svæði skv. 49.—52. gr. eða haft er til almennra nota við framleiðslu, geymslu eða dreifingu matvæla, eða veitt til opinberra stofnana, svo sem skóla, barnaheimila eða heilbrigðisstofnana utan þess svæðis, ber að taka reglulega til efnagreiningar og sýklarannsóknar.
54. 2. Um tíðni rannsóknanna, svo og gæðakröfur vatnsins, fer eftir ráðleggingum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, eins og þær eru á hverjum tíma.
54. 3. Samkvæmt þessu skal nú taka vatnssýni til rannsóknar úr vatnsveitum eins og hér segir: Sýni skal eigi tekið sjaldnar en fjórum sinnum á ári, þar sem íbúatalan er innan við 2 000, einu sinni í mánuði, ef íbúatalan er 2 000—20 000, tvisvar í mánuði sé íbúatalan 20 000—50 000, á fjögurra daga fresti sé íbúatalan 50 000—100 000, og daglega ef íbúatalan er yfir 100 000.
54. 4. Heilbrigðiseftirlit ríkisins eða heilbrigðisnefnd getur krafizt rannsókna á tiltekinni vatnsveitu, vatnsbóli eða brunni umfram það, sem áður hefur verið fyrir mælt í þessari grein, enda sé full ástæða til.
54. 5. Heilbrigðiseftirlit ríkisins gefur út leiðbeiningar um töku sýna, flutning þeirra og rannsókn, sem og mat á niðurstöðum rannsóknarinnar.
54. 6. Sýni umhverfissrannsókn möguleika á sýklamengun eða bendi efnarannsókn til þess, að vatn geti talizt miður hæft til notkunar, getur heilbrigðisnefnd krafizt tíðari rannsókna umfram það, sem áður hefur verið sagt, og skal halda þeim rannsóknum áfram þar til tvær rannsóknir í röð með sólarbrings bili hafa sýnt, að vatnið sé hæft til notkunar.
54. 7. Vatnsrannsóknir skal framkvæma á þeim rannsóknarstofnunum og metið af þeim mönnum, sem heilbrigðisráðuneytið hefur veitt til þess viðurkenningu.

55. gr.

55. 1. Enginn, sem ætla má, að haldinn sé sjúkdómi, sem horizt getur með vatni, má gegna störfum við neytluvatnsveitu, ef varasamt getur talizt með tilliti til sýkingarhættu.
55. 2. Ef ástæða þykir til að ætla, að maður, sem sýkingarhætta stafar af, starfi við vatnsveitu, verður hinn grunaði starfsmaður að gangast undir lækni-rannsókn á kostnað sveitarstjórnarinnar, og skal hann eigi annast slík störf, meðan rannsókn fer fram.

56. gr.

56. 1. Leyfi heilbrigðisnefndar þarf til, er tekin eru í notkun ný vatnsból eða vatnsveitur eða eldri vatnsbólum eða vatnsveitum er breytt, enda hafi rannsókn skorið úr um neytluhæfni vatnsins.
56. 2. Enn fremur þarf leyfi heilbrigðisnefndar til byggingar afgreiðslustöðva og aðaloliugeyma fyrir benzín og aðrar brennsluolíur.
56. 3. Geymar afgreiðslustöðva fyrir benzín og aðrar brennsluolíur skulu hafðir í steinsteyptum þróm og þannig staðsettir, að ekki halli að vatnsbóli eða öðru vatnsfalli, og skal hlíta fyrir mælum heilbrigðisnefndar um allt fyrirkomulag.
56. 4. Aðaloliugeymar skulu umgirtir hæfilega háum olíuheldum girðingum og þannig staðsettir, að ekki spillist vatnsból, né önnur vatnsföll, þótt leki komi að þeim.

57. gr.

57. 1. Að öðru leyti skal gætt ákvæða 26. greinar þessarar reglugerðar svo og og ákvæða byggingasamþykktá og annarra laga og reglugerða, sem um þetta efni fjalla og gilda fyrir umdæmið.

IV. KAFLI**Um salerni og frárennsli.****58. gr.**

58. 1. Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með öllu frárennsli.
58. 2. Nefndin skal vinna að því að koma í veg fyrir og draga úr óhreinun vatns, sjávar og stranda af völdum hvers konar frárennslis í umdæminu í þeim tilgangi að koma í veg fyrir óhollustu, náttúruspjöll og óþægindi.
58. 3. Heilbrigðisnefnd getur bannað notkun ófullnægjandi frárennslislagna.
58. 4. Nefndin getur ákveðið, að frárennsli sé hreinsað á viðeigandi hátt. Þetta getur átt við um almenningsskólpsveitur, en þó einkum um eiturmengað, olíumengað, mjög hvítu- (proteín) ríkt, fituríkt, eða blóðblandað frárennsli frá verksmiðjum og því um líkt.

59. gr.

59. 1. Þegar skólp, önnur fljótandi óhreinindi eða yfirborðsvatn er leitt brott, sem og við hvers konar hreinsun frárennslis, skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengun eða óhollustu.
59. 2. Skólp, sem falla á í ár eða vötn má ekki innihalda meira en 30 mg í lítra af fljótandi föstum efnum, og má ekki taka upp meira en 20 mg á lítra af ildi úr upplausn á 5 dögum við stöðugan hita (18° C).
59. 3. Lækurinn eða áin ætti ekki, eftir að hafa blandast skólpinu, að taka meira en 4 mg á lítra af ildi á sama tíma (B. O. D.).

60. gr.

60. 1. Frárennslislögnum skal vera þannig fyrir komið, þar þannig gerðar og þannig viðhaldið, að óhollusta og óþægindi hljótist ekki af.

61. gr.

61. 1. Við sjó skal skólp leitt út fyrir stórstraumsfjöruborð, nema heilbrigðisnefnd geri ríkari kröfur.

62. gr.

62. 1. Í eða við sérhverja byggingu, þar sem fólk hefst við nokkrar stundir dag hvern, skal komið fyrir nægilegum fjölda salerna og, eftir atvikum, þvagskálum.
62. 2. Um fjölda salerna, þvagstæða og annarra hreinlætistækja gilda eftirfarandi reglur:
62. 2.1. Í skólum skal fjöldi salerna vera 1 á hverja 10—15 nemendur eftir stærð skólanna, t. d. 4 á 40 nemendur, en 20 á 300. Þar sem sérstök piltasalerni eru geta þvagskálar komið í stað salerna að ½.
62. 2.2. Í verksmiðjum þar sem að minnsta kosti 5 konur og 5 karlar vinna, skal vera 1 salerni fyrir konur og 1 salerni fyrir karla.

62. 2.3. Annars gilda eftirfarandi reglur um salerni og þvagstæði í verksmiðjum:

a. Án þvagstæða.

Konur og karlar.

Fjöldi starfsfólks	Fjöldi salerna
1— 15	1
16— 30	2
31— 50	3
51— 75	4
76—100	5

Síðan 1 salerni fyrir hverja 25 starfsmenn til viðbótar.

b. Með þvagstæðum.

Fjöldi starfsfólks	Fjöldi salerna	Fjöldi þvagstæða
1— 15	1	
16— 20	1	1
21— 30	2	1
31— 45	2	2
46— 60	3	2
61— 75	3	3
76— 90	4	3
91—100	4	4

Fyrir hverja 25 starfsmenn umfram 100, komi eitt salerni eða eitt þvagstæði. Í almennum samkomuhúsum getur heilbrigðisnefnd ákveðið fjölda salerna þannig: að á 100 gesti, sem í húsinu dveljast í einu í 3—4 klst. komi eigi færri en 1 salerni og 2 þvagstæði á karla og 2 salerni fyrir konur.

62. 2.4. Fjöldi handlauga skal vera í samræmi við fjölda salerna og þvagstæða.

63. gr.

63. 1. Útisalernum skal komið þannig fyrir, að óhollusta hljótist ekki af. Skulu þau vera í hæfilegri fjarlægð frá matvinnslustað, vatnsbóli, brunni eða öðrum þeim stað, þar sem vatn er tekið til notkunar.

64. gr.

64. 1. Almenningsalernum og þvagstæðum skal komið fyrir, þar sem þurfa þykir, og ber að hlíta fyrirmælum heilbrigðisnefndar um gerð þeirra og starfrækslu.

65. gr.

65. 1. Salernisklefi skal vera hæfilega stór, 1.2 m² að gólfþrými hið minnsta, hafa nægilega birtu eða lýsingu og fullnægjandi loftræstingu. Gólf, veggir og loft skal þannig gert, að auðvelt sé að halda því hreinu. Í klefanum eða við hann skal vera handlaug og hrein þurrka.
65. 2. Salernum skal halda hreinum og þrífalegum.

66. gr.

66. 1. Heilbrigðiseftirlit ríkisins getur sett sérstakar reglur um meðferð frárennslis frá sjúkrahúsum og öðrum heilbrigðisstofnunum. Skal þar sérstaklega kveðið á um, hversu hreinsun frárennslis frá þessum stofnunum skuli hagað.

67. gr.

67. 1. Þar sem frárennsli frá salernum og öðru skólpi verður ekki veitt í göturæsi eða aðra almenna skólpveitu, skal veita því eftir vatnsheldum holræsum í rotþrær, og skal leita um það fyrirmæla heilbrigðisnefndar, hverju sinni.

68. gr.

68. 1. Að öðru leyti skal gætt ákvæða 26. 9. og 26. 10. gr. þessarar reglugerðar svo og ákvæða byggingarsamþykktar og annarra laga og reglugerða, sem um þetta efni gilda fyrir umdæmið.

V. KAFLI

Um hreinsun og meðferð sorps og úrgangs.

69. gr.

69. 1. Úrgangi og sorpi í sambandi við byggingar skal safna saman og flytja brott þegar í stað eða geyma með þeim hætti, að óhollusta eða óþrífnaður stafi ekki af.

70. gr.

70. 1. Með sorp og úrgang frá eldhúsum, sem ekki verður við komið að flytja brott þegar í stað, skal farið þannig:

70. 1.1. Flytja skal eldhúsúrgang daglega úr íbúð.

70. 1.2. Setja skal fljótandi úrgang í þar til gerð ílát.

71. gr.

71. 1. Húseiganda ber að sjá um, að húsi hans fylgi nægilega mörg sorpílát, sem endurnýjuð séu eftir þörfum.
71. 2. Á skipulagsskyldu svæði má ekki geyma sorp á annan hátt en í hentugum ílátum, sem séu heil og þannig gerð, að auðvelt sé að tæma þau.
71. 3. Sorpílát, sem geymd eru utan húss, skulu standa á fastri undirstöðu og vera þannig staðsett, að gangur að þeim sé greiður og af þeim geti eigi stafað óþægindi eða óþrífnaður fyrir umhverfið.
71. 4. Heilbrigðisnefnd getur gefið fyrirmæli um fjölda, staðsetningu og gerð sorpílláta.

72. gr.

72. 1. Þar sem sorpgeymsla er í húsi eða við það, skal geyma sorpíllátin í henni.
72. 2. Séu sorpíllátin ekki notuð í sambandi við sorprennur skal hafa á þeim þétt lok.
72. 3. Ganga skal þannig frá sorprenum og sorpgeymslum, að þær valdi ekki óþrífum eða óþægindum. Skulu þær hreinsaðar reglulega og haldið vel við, og hvílir það viðhald á húseiganda eins og annað viðhald húseignar.

73. gr.

73. 1. Sveitarstjórn á skipulagsskyldu svæði skal sjá um að flytja reglulega sorp og úrgang frá öllum húsum í sveitarfélaginu.
73. 2. Sorp skal flytja á sorphauga eða til eyðingarstöðva.
73. 3. Flutningur sorps skal fara fram með þeim hætti, að óþrífnaður stafi ekki af.

74. gr.

74. 1. Sorphaugar og eyðingarstöðvar skulu vera þannig staðsettar og reknar, að óþrífnaður og óþægindi hljótist ekki af. Með slíkum sorphaugum og eyðingarstöðvum skal hafa eftirlit.

74. 2. Sækja þarf um leyfi heilbrigðisnefndar, þegar taka á nýjan sorphaug eða eyðingarstöð í notkun, svo og til breytinga á þeim, sem fyrir eru.

75. gr.

75. 1. Bannað er að fleygja rusli og úrgangi í fjörur, ár og læki eða annars staðar, þar sem landspjöll eða óþægindi hljótask af.
75. 2. Landfyllingarefni skal samþykkt af heilbrigðisnefnd.

76. gr.

76. 1. Á svæðum, sem ekki eru skipulagsskyld, skal brenna sorpi og úrgangi jafn-óðum eða koma því fyrir á annan hátt þannig, að hvorki hljótask óþrifnaður né útlitsspjöll af.

77. gr.

77. 1. Að öðru leyti skal gætt ákvæða 26. gr. 2. 1. þessarar reglugerðar svo og annarra laga, reglugerða og samþykktu um sorp og sorphirðingu, sem gilda fyrir umdæmið.

VI. KAFLI

Um meindýr og ónyttjadyr.

78. gr.

78. 1. Heilbrigðisnefnd skal mæla fyrir um aðgerðir til upprætingar á rottum, músum, veggjalús, kakalökum og öðrum meindýrum.
78. 2. Hún getur bannað afnot húsnæðis, unz dýrin hafa verið upprætt.
78. 3. Þá getur nefndin krafist þess, að hús séu gerð rottuheld.

79. gr.

79. 1. Húsráðendur og umráðamenn lóða skulu eftir föngum halda húsum sínum og eignum lausum við meindýr, m. a. með því að gera húsin rottuheld.
79. 2. Verði meindýra vart, skal tilkynna það heilbrigðisnefnd og gera ráðstafanir til útrýmingar dýrunum í samræmi við fyrirmæli nefndarinnar.

80. gr.

80. 1. Þegar þurfa þykir, skal gera sérstakar ráðstafanir til útrýmingar á rottum og músum í einstökum sveitarfélögum eða hluta þeirra.

81. gr.

81. 1. Enginn má flytja húföng sín eða annan varning úr eða í húsnæði, þar sem veggjalúsa, kakalaka eða annarra þess háttar meindýra hefur orðið vart, nema fullnægjandi ráðstafanir hafi verið gerðar, til þess að óþrifin berist ekki út.
81. 2. Fornsalar, uppboðshaldarar og aðrir, sem selja notaðan fatnað, sængurföt og húsgögn, skulu láta dauðhreinsa munina og fara með þá eftir fyrirmælum heilbrigðisnefndar.

82. gr.

82. 1. Þegar eitrað er fyrir ref, mink, máf eða önnur villidýr, skal hafa um það samráð við heilbrigðisnefnd.
82. 2. Heilbrigðisnefnd getur fyrirskipað, að eitruð hræ séu fjarlægð og þeim fyrirkomíð á viðunandi hátt innan tiltekins tíma frá eitrun.

83. gr.

83. 1. Sveitarstjórn skal gera ráðstafanir til útrýmingar villiköttum, flækingshundum, ónytjadýrum, sem óþrifum valda, svo og öðrum ónytjadýrum í óskilum.
83. 2. Sveitarstjórn er heimilt að ákveða með samþykkt, er heilbrigðismálaráðuneytið staðfestir að takmarka eða banna hundahald í umdæminu.

84. gr.

84. 1. Að öðru leyti skal gætt ákvæða 26. gr. þessarar reglugerðar, ákvæða laga um eiturefni og hættuleg efni nr. 85/1968, ákvæða laga um eyðingu á minkum og refum, svo og annarra laga, reglugerða og samþykktu um meindýr og ónytjadýr, sem í gildi eru í umdæminu.

VII. KAFLI

Um íbúðarhúsnæði.

85. gr.

85. 1. Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með leiguíbúðum, kjallaraíbúðum og öllum íbúðum, sem ætla má, að teljist heilsuspillandi eða lélegar, og gengst árlega fyrir skoðun á þeim.
85. 2. Nefndin getur bannað afnot íbúða, ef hún telur þær hættulegar heilsu eða lífi íbúanna. Skal þar ekki sít tekið tillit til velferðar barna.
85. 3. Sérhver bygging með íbúðarhúsnæði skal vera þannig gerð og haldin, að þeir, sem í henni þurfa að dveljast, hljóti ekki heilsutjón af eða mikil óþægindi.

86. gr.

86. 1. Eigendum er skylt að halda leiguíbúðum vel við, enda skulu þær fullnægja eftirtöldum lágmarkskröfum:
86. 1.1. Hæfileg forstofa skal fylgja íbúðinni, og sé þar rými fyrir geymslu utan-yfirfata.
86. 1.2. Greiður aðgangur skal vera að salerni og baðklefa með baðtækjum, sem fylgja íbúðinni.
86. 1.3. Nægilegt og gott neyzluvatn skal vera tiltækt í íbúðinni svo og frárennsli.
86. 1.4. Aðgangur skal vera að þvottahúsi.
86. 1.5. Hæfileg geymsla skal fylgja íbúðinni, og skal hún vera kæld, vel loftræst og varin fyrir ryki og flugum.
86. 1.6. Aðstaða skal vera til að sjóða mat og matreiða.
86. 2. Sérhverjum húseiganda skal enn fremur skylt að sjá um:
86. 2.1. Að haldið sé við skólpræsum, salernisskálum, handlaugum, baðtækjum og eldhúsvöskum í húsinu.
86. 2.2. Að allar innanhúslagnir frárennslis sé í góðu lagi.
86. 2.3. Að hæfileg birta fái um glugga, sem hægt sé að opna beint út, enda sé stærð rúðufletar eigi minni en 1/10 af gólfplatarmáli herbergis þess, sem þeim er ætlað að lýsa.
86. 2.4. Að hæfileg loftræsting sé beint út úr hverju salerni.
86. 2.5. Að fullnægjandi loftræsting og birta sé í hverju baði, eldunarplássi, gangi og stiga.
86. 2.6. Að stigum sé haldið vel við og í þeim séu örugg handrið.
86. 2.7. Að herbergi séu vel rakavarin, hæfilega hlý og laus við hávaða og önnur óþægindi frá nærliggjandi húsnæði eða rekstri.

87. gr.

87. 1. Ekki má nota kjallara til íbúðar, ef gólf hans er undir yfirborði jarðvegs við gluggahlið.

88. gr.

88. 1. Eftir 10 ára aldur skulu piltum og stúlkum ætluð herbergi sér.

89. gr.

89. 1. Lágmarksfjöldi íbúðarherbergja miðað við íbúa skal vera sem hér segir:

1 herbergi		2 íbúar
2 —		3 —
3 —		5 —
4 —		7½ —
5 —		10 —

89. 2. Herbergi, sem er minna en 5 fermetrar, að gólfplatarmáli eða mjórra en 1.80 m telst ekki íbúðarherbergi.

89. 3. Lágmarks herbergjastærð miðað við íbúafjölda, skal vera sem hér segir:

12 fermetra handa		2 íbúum
10 — —		1½ íbúa
8 — —		1 —
5 — —		½ —

89. 4. Barn á aldrinum 1—10 ára telst hálfur íbúi. Ekki er hér tekið tillit til yngri barna en 1 árs.

90. gr.

90. 1. Húseigendum er skylt að halda húsum sínum hreinum utan sem innan.

90. 2. Bárujárn skal mála svo oft, sem þurfa þykir.

91. gr.

91. 1. Bannað er að byggja íbúðarhús svo nærri ám, vötnum og sjávarströndu, að flæðihætta stafi af.

92. gr.

92. 1. Bannað er að byggja íbúðarhús svo nærri klettum eða skriðum, að grjóthrap geti náð til þeirra eða snjóflóðahætta sé augljós.

93. gr.

93. 1. Heilbrigðiseftirlit ríkisins getur sett reglur um byggingu sumarbústaða og annarra þess konar húsa, sem að jafnaði eru notuð hluta úr ári, um fyrirkomulag frárennslis frá þeim og meðferð sorps og annars úrgangs. Enn fremur ber að gæta ákvæða 67. og 76. gr. þessarar reglugerðar.

94. gr.

94. 1. Þar sem holræsi er ekki fyrir hendi, sem hægt er að leiða í fljótandi úrgang frá húsi, skal gera rotþró og ganga þannig frá henni, að ekki valdi óþrifnaði eða óhollustu.

94. 2. Rotþró skal sýnd á holræstateikningu hússins.

95. gr.

95. 1. Oliugeymar við hús skulu þannig gerðir og staðsettir, að ekki valdi hættu, óþrifnaði eða náttúruspjöllum.

95. 2. Olíugeymar skulu gerðir úr varanlegu efni og þannig staðsettir, að ekki geti runnið frá þeim í vatnsból, fjær eða nær.
95. 3. Olíugeyma má ekki grafa niður, nema þeir séu settir í olíuheldar steinsteypar þrær.
96. gr.
96. 1. Að öðru leyti ber að gæta ákvæða byggingarsamþykktu og annarra laga og reglugerða, sem um þetta efni fjalla og gilda fyrir umdæmið.

VIII. KAFLI

Um verksmiðjur og hvers konar aðra vinnustaði úti og inni.

97. gr.

97. 1. Eftirtaldir vinnustaðir skulu þannig útbúnir og um þá gengið, að ekki valdi heilsutjóni á starfsfólki eða öðrum, sem við þá skipta: Verksmiðjur hvers konar, verkstæði eða vinnustofur fyrir iðnað, sláturhús, frystihús, útgerðar- og fiskverkunarstöðvar, matvælagarðir (vinnslu)-stöðvar, verzlunar hvers konar, útisölur, vörugeymslur, verbúðir og verkamannaskýli, afgreiðslustöðvar flutninga- og farartækja, þvottahús, skrifstofur, bókasöfn og annað tilsvarandi.

98. gr.

98. 1. Verksmiðjur og önnur fyrirtæki þ. á m. vörugeymslur eða geymslusvæði t. d. fyrir úrgang, ónýtar vélar og annan varning, skulu vera þannig úr garði gerð og þannig rekin og viðhaldið, að óþarfa óþrif, óhollusta og landspjöll hljóttist ekki af.
98. 2. Eftirtalda starfsemi má ekki setja á fót eða breyta að ráði, án þess, að leyfi heilbrigðisnefndar hafi fengið áður og fyrirmælum hennar hafi verið hlítt um allt fyrirkomulagið:
98. 2.1. Starfsemi, þar sem efni úr dýraríkinu eru brennd eða þurrkuð.
98. 2.2. Tjöruvinnsla, olíuhreinsunarstöðvar, áburðarframleiðsla, álframleiðsla eða önnur efnaframleiðsla.
98. 2.3. Beinamjölsvinnsla.
98. 2.4. Litunarverksmiðjur.
98. 2.5. Málningarverksmiðjur.
98. 2.6. Sútun eða skinnaframleiðsla.
98. 2.7. Málmbræðsla.
98. 2.8. Sorpeyðing.
98. 2.9. Skólphreinsun.
98. 2.10. Lýsisvinnsla.
98. 2.11. Geymsla á beinum, síld, húðum eða áburðarefnum úr dýraríkinu.
98. 2.12. Sama máli gegnir um aðra starfsemi, sem ætla má, að valdi óþrífnaði fyrir umhverfi sitt eða kunni að vera óþægileg eða heilsuspillandi m. a. vegna hávaða eða titrings.
98. 3. Heilbrigðisnefnd getur krafist þess, að sótt sé um leyfi fyrir fyrirtæki, sem ekki eru hér talin, ef hún telur ástæðu til, að fyrirtækin séu undir föstu eftirliti.
98. 4. Umsóknnum skulu fylgja upplýsingar um ráðstafanir til að koma í veg fyrir hugsanleg óþægindi eða tjón af rekstrinum.

99. gr.

99. 1. Þar sem ákvæði þessarar heilbrigðisreglugerðar ná ekki til, fer fast eftirlit með heilbrigði, velferð og slysavörnum á vinnustað fram skv. lögum um örygg-

isráðstafanir á vinnustöðum og reglugerðum samkv. þeim (og ber þá sérstaklega að gæta ákvæða 12. gr. III. kafla þeirra laga í þessu sambandi).

99. 2. Þótt Öryggiseftirlit ríkisins og Fiskmat ríkisins, hvort í sínu lagi, hafi skv. sérstökum lögum og reglum ákveðnum skyldum að gegna í sambandi við tiltekið eftirlit, þá ber heilbrigðisnefndum eigi að síður að vera á verði um öll þau málefni og gera viðkomandi aðilum aðvart, ef ástæða þykir til.
99. 3. Nú gerir Heilbrigðiseftirlit ríkisins eða heilbrigðisnefndir Öryggiseftirliti ríkisins aðvart um ófullnægjandi hollustuhætti á vinnustöðum, skv. gr. 99. 2, þá gefur Öryggiseftirlit ríkisins, sé þess óskað, Heilbrigðiseftirliti ríkisins eða heilbrigðisnefndum skýrslu um hvað gert hafi verið eða gert verði til úrbóta, enda stuðli þessar stofnanir, eftir atvikum, að gagnkvæmu samstarfi.

100. gr.

100. 1. Heilbrigðiseftirlit ríkisins skal, að höfðu samráði við Öryggisráð, gera starfs-skrá, sem ákveður greinilega starfssvið og samstarf Öryggiseftirlits ríkisins og heilbrigðisnefnda varðandi eftirlit með heilbrigði og velferð verkafólks á vinnustöðum.

101. gr.

101. 1. Að öðru leyti ber að gæta ákvæða byggingarsamþykktá og annarra laga og reglugerða, sem um þetta efni fjalla og gilda fyrir umdæmið, sbr. og 62. og 197.—198. gr. þessarar reglugerðar.

IX. KAFLI

Um gistihús, matsölur og aðra veitingastaði.

A. Almenn ákvæði.

102. gr.

102. 1. Gistihús er hvert það hús eða húshluti, þar sem menn dveljast nætursakir fyrir borgun.
102. 2. Svefnherbergi í gistihúsum mega ekki vera minni en svo, að 8 m³ loftrými komi á hvern gest.
102. 3. Sængurfatnaður skal ætíð vera þokkalegur, heill, hreinn og laus við ólykt.
102. 4. Ávallt skal skipt á rúmfatnaði, áður en nýjum gesti er vísað til sængur.
102. 5. Gestir skulu hafa aðgang að salerni og baði. Sbr. gr. 62. 2.

103. gr.

103. 1. Lofthæð veitingastofu skal vera a. m. k. 2.5 m og hverjum gesti skal ætla a. m. k. 1.15 m² gólfplöt.
103. 2. Ekki má vera innangengt milli veitingastofu og herbergja, sem rekstrinum eru óviðkomandi.
103. 3. Gestir skulu hafa aðgang að snyrtingu sbr. gr. 62. 2.

104. gr.

104. 1. Á veitingahúsum, þar sem heitir réttir eða drykkir eru framreiddir, skal vera sérstakt eldhús með fullkomnum tækjum til matreiðslu, uppþvottar og og sótthreinsunar.
104. 2. Í eldhúsum skulu vera vélknúin loftræstitæki, ef þurfa þykir.
104. 3. Rétti, sem ekki er neytt strax, skal geyma í kælskápum, þar sem hiti er undir 4° C. Þetta gildir þó ekki um heita rétti, sem geyma á minnst í 60° C hita, unz þeirra er neytt.

104. 4. Kalda rétti, smurt brauð, hrásalat og aðrar slíkar viðkvæmar neyzluvörur, skal ætíð geyma í kælrými, þar sem hiti er undir 4° C.
104. 5. Hreinsa skal daglega á fullnægjandi hátt öll tæki og áhöld.
104. 6. Kjötsagir, hakkavélar, áleggsskurðarvélar og önnur vélknúin vinnutæki skulu tekin í sundur og hver hluti þeirra vandlega þrífinn daglega og oftar, ef þurfa þykir.

105. gr.

105. 1. Hunda og önnur húsdýr er stranglega bannað að hafa innan dyra í matvöruverzlunum, veitingastöðum og öðrum þeim stöðum, þar sem meðhöndlun matvæla fer fram.
105. 2. Gólf skulu þvegin, en ekki þurrsópuð.
105. 3. Heilbrigðisnefnd getur bannað sölu á óinnþökkuðu sælgæti og öðrum óinnþökkuðum neyzluvörum.

106. gr.

106. 1. Ekki má bera gestum skörðótt eða sprungin matar- eða drykkjarílát, og matreiðslu- og upphvottatæki skulu vera heil.
106. 2. Ílát og borðfæri skal þvo úr heitu sápuvatni og sjóða eða sótthreinsa í hæfilega virkum sótthreinsunarlegi hverju sinni eftir notkun, og þurrkur og þvottakústa skal sjóða iðulega.
106. 3. Borðdúkar skulu vera hreinir og heilir.
106. 4. Dúklauð borð skal þvo hverju sinni eftir notkun.
106. 5. Búr, hillur og þess konar ber að þvo einu sinni í viku hið minnsta.
106. 6. Í veitingasal má ekkert geyma, sem ekki er ætlað til daglegra nota.

107. gr.

107. 1. Herbergi, sem sjúkur maður hefur legið í, ber að sótthreinsa, áður en það er notað að nýju, nema héraðslæknir telji óþarft.
107. 2. Einnig ber að hreinsa rúmfatnað og aðra muni, sem hinn sjúki hefur notað.

B. Gistiskálar—„Motel“.

108. gr.

108. 1. Gistiskálar eru gististaðir með takmarkaðri þjónustu.
108. 2. Um gistiskála gilda eftirfarandi reglur:
108. 2.1. Gistiskálar skulu vel staðsettir, greinilega merktir sem slíkir og hafa næg bílastæði og aðstöðu til bílaþvotta.
108. 2.2. Gistiskálar skulu hafa eitt bað a. m. k. fyrir 10 gistirúm, svo og salerni, sér fyrir konur og sér fyrir karla.
108. 2.3. Enn fremur ber að gæta ákvæða IV. kafla reglugerðar frá 30. júní 1964 um gisti- og veitingastaði.

C. Söluskálar.

109. gr.

109. 1. Söluskálar eru veitingastaðir, þar sem hvorki eru borð né stólar fyrir viðskiptamenn.
109. 2. Í öllum slíkum söluskálum, hvar sem staðsettir eru, skal vera salerni, handlaug og pappírþurrkur fyrir starfsfólk.
109. 3. Þar sem söluskálar eru einnig biðskýli, getur heilbrigðisnefnd krafist þess, að þvagstæði og salerni séu fyrir gesti.
109. 4. Hafa má hreinlætisherbergi læst, en lykill skal ávallt vera tiltækur hjá afgreiðslufólki.

109. 5. Að öðru leyti ber að gæta ákvæða VII. kafla reglugerðar frá 30. júní 1964 um gesti- og veitingastaði, svo og 36.—39. gr. þessarar reglugerðar.

D. Tjaldbúðir.

110. gr.

110. 1. Tjaldbúðir eru landsvæði, sem sveitarfélög hafa sérstaklega tekið frá í umdæmi sínu og lagað til fyrir tjaldstæði ferðamanna og selja aðgang að.
110. 2. Áður en leyfi fyrir tjaldbúðasvæðum taka gildi hverju sinni, verður að liggja fyrir samþykki heilbrigðisnefndar umdæmisins.
110. 3. Heilbrigðisnefnd skal ganga úr skugga um, að nægilegt hreint og gott neyzluvatn sé til staðar á svæðinu, að salernisaðstaða og snyrtiaðstaða sé nægjanleg fyrir áætlað hámark tjaldbúðagesta, að öllum úrgangi sé brennt og að það, sem eldurinn ekki eyði, sé grafið og hulið jarðvegi, mold eða mól eftir aðstæðum.
110. 4. Á tjaldsvæðum, sem í notkun eru yfir allt sumarið, skal vera eftirlitsmaður, sem sér um að öllum settum reglum sé framfylgt.

111. gr.

111. 1. Að öðru leyti skal gætt ákvæða 26. gr. og 36. gr. þessarar reglugerðar, ákvæða reglugerðar um gisti- og veitingastaði svo og annarra laga og reglugerða um þetta efni, sem gilda fyrir umdæmið.

X. KAFLI

Um skóla, kennslustaði og barnaheimili, þar með talin sumardvalarheimili og dagvistarheimili.

112. gr

112. 1. Eigi má setja á fót stofnun skv. þessum kafla, nema heilbrigðisnefnd hafi veitt leyfi af sinni hálfu.
112. 2. Jafnan skal farið að fyrirmælum heilbrigðisnefndar um allt, er varðar hreinlæti og heilbrigðishætti.
112. 3. Einnig þarf leyfi heilbrigðisnefndar, ef húsakynnum eða starfseminni er breytt og ef eigendaskipti verða.
112. 4. Umsókn skal fylgja teikning og nákvæm lýsing á starfseminni.
112. 5. Þá skal leita samþykkis heilbrigðisnefndar, áður en skólahúsnæði er tekið til annarra nota en í leyfi heilbrigðisnefndar greinir.
112. 6. Undanþegnir umsóknarskyldu eru kennslustaðir, þar sem nemendur eru ekki fleiri en 6 og kennslan stendur ekki lengur en eina klst. í senn, svo og heimili, sem taka fimm börn eða færri til gæzlu daglangt.

113. gr.

113. 1. Húsnæði, sem um er rætt í þessum kafla, skal fullnægja lágmarkskröfum um íbúðarhúsnæði, sbr. VII. kafla.
113. 2. Húsnæði skóla o. s. frv., skal ekki vera í beinu sambandi við neina þá starfsemi, sem hætta eða óþægindi geta stafað af.

114. gr.

114. 1. Áður en heilbrigðisnefnd veitir leyfi til starfrækslu, skal hún hafa gengið úr skugga um, að eftirfarandi kröfum sé fullnægt:
114. 1.1. Stofnunin skal þannig staðsett, að hún verði ekki fyrir óþægindum vegna hávaða frá umferð, atvinnurekstri eða annarri starfsemi.

114. 1.2. Lóð skólans skal vera hæfilega stór og hús vel staðsett á lóðinni og leikvöllur þannig gerður, að hann gefi hæfilega athafnamöguleika án slysa-hættu.
114. 1.3. Góð aðstaða skal vera til lækniseftirlits.
114. 1.4. Loftræsting skal vera í góðu lagi.
114. 1.5. Dagsbirta og lýsing skal vera góð. Góð dagsbirta miðast við gluggastærð í hlutfalli við gólfflöt ($\frac{1}{6}$ í skólum) eða dagsljósspátt eða innfallshorn ljóss frá himni (minnst 5°). Gott ljós af lampa telst fyrir skólastofur 500—1000 lux.
114. 1.6. Innanstokksmunir skulu vera þeirrar gerðar, að henti nemendum.
114. 1.7. Í skólanum skal vera hæfilegur fjöldi góðra snyrtiherbergja (sbr. 62. gr) og aðgangur að drykkjarvatni, og þannig um búið, að ekki stafi smithætta af.
114. 1.8. Hljóðeinangrun og hljómburður skal vera góður. Að því er varðar skóla sérstaklega skal þess gætt að skóli skal þannig staðsettur í skólahverfi, að leið nemenda í hann sé sem jafnstytzt og laus við slysa-hættu.
114. 1.9. Hæfileg aðstaða skal vera til leikfimiðkana.

115. gr.

115. 1. Sérstaklega skal sótt um leyfi heilbrigðisnefndar, ef matur er látinn í té í stofnuninni. Skal í umsókn getið um, hvers konar neyzluvara verði á boðstólum og skal heilbrigðisnefnd einungis veita leyfi sitt til sölu vöru, sem að dómi héraðslæknis hefur gott næringargildi, sé ekki um neyzluvöru að ræða, sem seld er á hátíðum og tyllidögum skólans.
115. 2. Að öðru leyti fer um tilbúning og sölu neyzluvöru eftir þeim reglum, sem í gildi eru á hverjum tíma, um tilbúning og dreifingu á matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum.

116. gr.

116. 1. Aðstaða starfsfólks skal vera góð til vinnu, að dómi heilbrigðisnefndar.

117. gr.

117. 1. Skólalæknir heldur skýrslu um slys í skóla og sendir heilbrigðisnefnd afrit í apríl hvert ár.

118. gr.

118. 1. Í húsakynnum skal vandleg ræsting fara fram minnst einu sinni á dag.

119. gr.

119. 1. Ávallt skal meira en 1.4 m² gólfflatar koma á hvern nemanda í kennslustofu í skóla, en meira en 3—4.5 m² gólfflatar á barn í leikstofum í barnaheimilum.
119. 2. Fer það eftir aldri barna og tilgangi stofnunarinnar, hvers gólfflatar skal krafizt.

120. gr.

120. 1. Um skólalækna gilda ákvæði löggjafar um heilsuvernd í skólum eins og hún er á hverjum tíma.
120. 2. Barnaheimili skulu ráða til sín lækni, er hafi eftirlit með heilsufari, meðferð og aðbúnaði barnanna.
120. 3. Læknirinn skal láta heilbrigðisnefnd í té árlega skýrslu um eftirlit með ábendingum um það, sem ábótavant kann að vera í stofnuninni.

121. gr.

121. 1. Að öðru leyti ber að gæta ákvæða 26. og 36. gr. þessarar reglugerðar, svo og ákvæða annarra laga og reglna um þetta efni, sem gilda fyrir umdæmið.

XI. KAFLI

Um rakarastofur, hárgreiðslustofur og hvers konar
aðrar snyrtistofur.

122. gr.

122. 1. Eigi má hefja rekstur stofnana eða fyrirtækja samkvæmt þessari grein, nema heilbrigðisnefnd hafi áður veitt samþykki sitt til starfseminnar og farið hafi verið eftir fyrirmælum nefndarinnar um hreinlæti og hollustuhætti. Sama gildir um meiri háttar breytingar á húsnæði eða rekstri, sem og þegar eigendaskipti verða.

123. gr.

123. 1. Starfsfólki ber samkv. fyrirmælum héraðslæknis að sanna með læknisvottorði, að það sé ekki haldið smitnæmum sjúkdómi eða kvilla, sem öðrum getur stafað hætta af.
123. 2. Tilkynna skal heilbrigðisnefnd, ef upp kemur næmur eða grunsamlegur sjúkdómur meðal starfsfólks eða viðskiptamanna fyrirtækisins, sem ætla mætti, að frá fyrirtækinu gæti stafað. Skal fara eftir fyrirmælum heilbrigðisnefndar í því sambandi.
123. 3. Starfsfólk skal gæta fyllsta þrifnaðar, vera snyrtilegt til fara og klæðast sérstökum hlífðarfötum við starf, ljósum að lit.

124. gr.

124. 1. Húsakynni skulu fullnægja ákvæðum VII. kafla þessarar reglugerðar eftir því sem við á.
124. 2. Starfsfólk og gestir skulu eiga greiðan aðgang að snyrtiherbergjum.
124. 3. Um fjölda salerna og tilhögun, sem og fjölda og tilhögun handlauga og þvottaskála, fer eftir fyrirmælum heilbrigðisnefndar.
124. 4. Húsakynnum og innanstokksmunum skal jafnan haldið hreinum og snyrtilegum.
124. 5. Húsakynninn mega ekki vera í beinu sambandi við óskyldan atvinnurekstur eða íbúð.

125. gr.

125. 1. Við hvern viðskiptavin á rakarastofum, hárgreiðslustofum og snyrtistofum skal nota hreina dúka og handklæði.
125. 2. Áhöld og tæki skulu sótthreinsuð með viðeigandi aðferðum að lokinni notkun við hvern viðskiptavin.
125. 3. Á hvern aðgerðarstól má ekki koma minna en 5 m² gólfrymi.

126. gr.

126. 1. Að öðru leyti ber að gæta ákvæða 26. og 36. gr. þessarar reglugerðar svo og annarra laga og reglugerða, sem gilda um þetta efni fyrir umdæmið.

XII. KAFLI

Um heilbrigðisstofnanir, hæli, íþróttastöðvar og baðstaði.

127. gr.

127. 1. Reglulegt heilbrigðiseftirlit skal vera með heilbrigðisstofnunum, heilsuverndarstöðvum, fávítahælum, elliheimilum og öðrum tilsvarendi stofnunum, lyfjabúðum, læknaðstofum, íþróttastöðvum, íþróttahúsum, sundhöllum, almennum baðhúsum, gufubaðstofum, almennum baðstöðum og öðrum hliðstaðum stofnunum, sem heilbrigðisnefnd kann að ákveða, og skulu þessar stofnanir háðar umsóknarskyldu og fyrirmælum heilbrigðisnefndar á hverjum stað um allt, er varðar hollustuháttu.
127. 2. Þegar heilbrigðisnefnd veitir leyfi til rekstrar fyrirtækja skv. þessum kafla, skal hún sérstaklega taka afstöðu til hæfilegs fjölda vistmanna eða þeirra, sem samtímis mega dvelja í stofnunum, sem hér um getur.

128. gr.

128. 1. Um stofnanir þessar gilda ákvæði VII. kafla, eftir því sem við á. Húsnæðið skal ekki vera í beinu sambandi við íbúð.
128. 2. Rekstri stofnana skal þann veg háltað, að heilsa vistmanna þeirra, sem þangað koma eða þar þurfa að dveljast, sé sem best tryggð.
128. 3. Sérstaklega skal þess gætt, að stofnanir þessar verði ekki útbreiðslustaðir sjúkdóma. Leiki grunur á, að um slíkt geti verið að ræða, skal þegar í stað tilkynna það héraðslækni og hlíta fyrirmælum hans um allar aðgerðir.

129. gr.

129. 1. Heilbrigðiseftirlit ríkisins gefur í samráði við íþróttafulltrúa ríkisins fyrirmæli um sóttthreinsun vatns í sundhöllum, leyfðan hámarksgerlafjölda í sundlaugavatni, um hreinsun tækja, innanstokksmuna og húsnæðis og því um líkt.
- Frítt klór í sundlaugavatni skal vera 0.3—0.6 mg/l og p^H ekki minna en 7.2.
129. 2. Gerlafjöldi í sundlaugavatni má ekki ná 1000 í 1 ml. miðað við 22° hita C. 10 saurgerlar (coli) eða fleiri mega ekki finnast í 100 ml sundlaugavatns.

130. gr.

130. 1. Á sundstöðum og baðstöðum skal gera ráðstafanir, til að forðast slysaðættu. Þar skulu og jafnan vera gæzlumenn, sem kunnáttu hafa í björgun og skyndihjálp.

131. gr.

131. 1. Að öðru leyti ber að gæta ákvæða 26. gr. þessarar reglugerðar, svo og ákvæða annarra laga og reglugerða, sem um þetta efni gilda fyrir umdæmið.

XIII. KAFLI

Um fangelsi og aðrar vistarverur handtekinna manna.

132. gr.

132. 1. Í fangelsum skal vera reglubundið heilbrigðiseftirlit eigi sjaldnar en tvisvar á ári.
132. 2. Ef uppvíst verður eða grunur leikur á, að vistmaður sé haldinn næmum sjúkdómi eða óþrifakvilla, skal einangra hann og leita ráða héraðslæknis og fara að fyrirmælum hans um meðferð.
132. 3. Starfsfólk skal ganga undir árlega heilbrigðisskoðun.

133. gr.

133. 1. Um fangaklefa gilda ákvæði VII. kafla svo sem við á.
133. 2. Þó má vista óða menn um stundarsakir í húsakynnum, sem ekki fullnægja þeim ákvæðum, enda komi læknishjálpi þegar í stað til.
133. 3. Bráðabirgða vistarverur handtekinna manna skulu þannig gerðar, að þeir, sem þar kunna að dveljast, fari sér ekki að voða.

134. gr.

134. 1. Stofnanir þær, sem kafla þessi fjallar um, skulu fastráða lækni til eftirlits, og skal hann gefa heilbrigðisnefnd árlega skýrslu um það, sem ábótavant er að hans dómi.

135. gr.

135. 1. Að öðru leyti ber að gæta ákvæða 36. gr. þessarar reglugerðar, svo og ákvæða annarra laga og reglugerða, sem um þetta efni fjalla og gilda fyrir umdæmið.

XIV. KAFLI**Um samkomuhús.****136. gr.**

136. 1. Kirkjur, biðsalir, leikhús, kvikmyndahús, danshús og önnur samkomuhús skulu þannig útbúin, að ekki valdi heilsutjóni þeim, er þar dvelur.
136. 2. Brunavarnartæki skulu vera í lagi og nægilega margar útgöngudyr opnanlegar innan frá, ef skyndilega þarf að rýma húsið.

137. gr.

137. 1. Veggir, gólf og loft samkomuhúsa skulu þannig gerð, að auðvelt sé að halda þeim hreinum.

138. gr.

138. 1. Möguleikar skulu vera til hæfilegrar upphitunar og loftræstingar í samkomuhúsum, og þeim skulu fylgja salerni, þvagstæði og handlaugar við hæfi, sbr. 62. gr.

139. gr.

139. 1. Að öðru leyti skal gæta ákvæða 26. og 36. gr. þessarar reglugerðar, byggingarsamþykktar og annarra laga og reglugerða, sem um þessi efni gilda fyrir umdæmið.

XV. KAFLI**Um kirkjugarða, bálstofur, líkhús, líkgeymslur og líkflutninga.****140. gr.**

140. 1. Vatnsból, önnur en steiptir húsburnnar, mega ekki vera nær kirkjugarði en 200 m og því aðeins svo nærri, að landi halli ekki að vatnsbóli.

141. gr.

141. 1. Líkkistur má ekki grafa grynna en svo, að 1.25 m sé frá kistubotni að grafarbarmi.
141. 2. Leyfa má, að grafir séu úr steinsteypu, en þó skulu þær vera neðanjarðar og a. m. k. 0.5 m þykkt jarðvegslag ofan á. Í hotni slíkra grafa skal vera sandur eða mól eða þannig frá honum gengið á annan hátt, að gröf haldist þurr.

142. gr.

142. 1. Líkhús skulu vera úr steinsteypu og þannig gerð, að auðvelt sé að halda þeim hreinum. Gluggar skulu vita í norður. Rás skal vera frá gólfi niður í hol-ræsi.
142. 2. Í líkhúsum skal vera rennandi vatn og handlaugar, svo og kæliútbúnaður.

143. gr.

143. 1. Líkhús skulu þrífín svo oft sem þurfa þykir og ávallt þegar í stað, eftir að þar hafa verið geymd ókistulögð lík.
143. 2. Leita skal fyrir mæla héraðslæknis um sóttthreinsun, ef í líkhúsi hefur verið geymt lík manns, sem dáið hefur úr næmum sjúkdómi.

144. gr.

144. 1. Héraðslæknir getur mælt svo fyrir, að lík manns, er dáið hefur úr næmum sjúkdómi, skuli kistulagt þegar í stað og flutt í líkhús.

145. gr.

145. 1. Eigi má grafa upp lík, né opna steinsteyptar grafir nema með leyfi ráð-herra, enda sé farið að fyrir mælum héraðslæknis í hvívetna.

146. gr.

146. 1. Fundin eða sjórekin lík skal ætíð flytja í líkhús þegar í stað.

147. gr.

147. 1. Bálstofur mega ekki vera nær íbúðarhúsum en 200 m, og eigi nær aðal-braut en 50 m.

148. gr.

148. 1. Að öðru leyti ber að gæta ákvæða 26. og 36. greinar þessarar reglugerðar, svo og ákvæða annarra laga og reglugerða, sem um þetta efni gilda fyrir um-dæmið.

XVI. KAFLI**Um almenn samgöngutæki.****149. gr.**

149. 1. Vistarverum skipshafna svo og farþega í skipum, bifreiðum og flugvélum skal haldið eins hreinum og auðið er.
149. 2. Um meðferð matvæla og útbúnað hreinlætistækja í skipum, bátum og flug-vélum gilda sömu reglur sem á veitingahúsum, eftir því sem við verður komið.

150. gr.

150. 1. Ekki má flytja með farþegaskipum og bátum, almenningsvögnum eða flug-vélum sjúklinga með næma sjúkdóma, sem sóttvörnum er beitt gegn, nema með leyfi héraðslæknis.

151. gr.

151. 1. Ef vart verður meindýra í skipi eða bát sömuleiðis lúsar, kláða eða annarra óþrifa á skipverjum, skal skipstjóri tilkynna það heilbrigðisnefnd þegar í stað og ber að hlíta fyrir mælum hennar um upprætingu.

152. gr.

152. 1. Skipstjórar og útgerðarmenn, bifreiðastjórar og eigendur bifreiða, flugstjórar og eigendur flugvéla ber ábyrgð á, að farið sé að fyrirmælum héraðslæknis og heilbrigðisnefndar um allt, er lýtur að þrífnaði, sóttvörnum og heilsugæzlu í skipum, bátum, bifreiðum og flugvélum.
152. 2. Kyrrsetja má skip, bifreið og flugvél, ef brotið er í bága við fyrirmæli héraðslæknis eða heilbrigðisnefndar.

153. gr.

153. 1. Heilbrigðiseftirlitsmaður skal að jafnaði og eigi sjaldnar en sinu sinni á ári skoða vistarverur skipverja á bátum og skipum, sem eiga heimahöfn í umdæmi hans, og halda skrá yfir skipin.

154. gr.

154. 1. Bannað er að skrá mann í skiprúm, nema hann leggi fram læknisvottorð, eigi eldra en tveggja mánaða, um að hann sé eigi haldinn næmum sjúkdómi né óþrífakvilla.
154. 2. Stjórnendur langferðabifreiða til mannflutninga skulu leggja fram sams konar heilbrigðisvottorð árlega.

155. gr.

155. 1. Ef í bát eða skipi verður vart veikinda, sem vera kynni næmur sjúkdómur, skal skipstjóri eða formaður þegar í stað tilkynna það héraðslækni eða tollþjóni eða hafnarskrifstofu, er tilkynni það þá tafarlaust héraðslækni. Sama gildir um óþrífakvilla, svo sem kláða og lús, og ráðstafanir til útrýmingar þeim.

156. gr.

156. 1. Nú verður vart við meindýr, svo sem veggjalús, rottu eða kakalaka, í skipi eða öðru samgöngutæki, og skal þá stjórnandi eða eigandi flutningatækis tafarlaust tilkynna það héraðslækni eða tollþjóni eða hafnarskrifstofunni, sem þegar tilkynnir það héraðslækni, sem gerir nauðsynlegar ráðstafanir.

157. gr.

157. 1. Hafnsögumenn, tollþjónar, skipaskoðunarmenn, bifreiðaeftirlitsmenn, flugvélaeftirlitsmenn og aðrir eftirlitsmenn samgöngutækja skulu tilkynna héraðslækni eða heilbrigðisnefnd tafarlaust allt, sem þeir telja, að brjóti í bága við hreinlæti og aðra hollustuhætti í samgöngutækjum.

158. gr.

158. 1. Að öðru leyti ber að gæta ákvæða 26., 206. og 208. gr. þessarar reglugerðar, svo og ákvæða annarra laga og reglugerða, sem um þetta efni gilda fyrir umdæmið.

XVII. KAFLI**Um peningshús, búrekstur og skepnuhöld.****159. gr.**

159. 1. Húsdýr og önnur dýr, sem lokuð eru inni, skulu þannig haldin, að ekki valdi óhollustu eða óþrífnaði.
159. 2. Búpeningur má ekki ganga laus á skipulagsskyldum svæðum, og ekki má reka hann í gegnum íbúðarhverfi, nema undir stjórn lögreglu eða sérstaks gæzlumanns.

160. gr.

160. 1. Peningshús, önnur gripahús og dýrabúr, skulu vera björt og loftgóð.
160. 2. Flór peningshúsa skal vera úr steinsteypu og húsin að öðru leyti þannig gerð, að auðvelt sé að hreinsa þau.
160. 3. Peningshús skulu kólkuð eða þrifu viðlíka vel a. m. k. einu sinni á ári.
160. 4. Gengið skal þannig frá haug- og áburðarhúsum og safngryfjum, að ekki berist frá þeim til mannabyggða óðaunn eða óþverri og mönnum eða skepnum stafi hætta af, þótt yfir þau sé gengið.

161. gr.

161. 1. Í fjósum má ekki hafa svín né hæns eða annað fiðurfé.
161. 2. Rottum og öðrum meindýrum skal útrýmt tafarlaust úr peningshúsum.
161. 3. Heilbrigðisnefnd getur bannað mjólkursölu frá fjósi, þar sem rottugangur er eða annar óþrifnaður.
161. 4. Bannað er að nota fjós fyrir salerni.

162. gr.

162. 1. Búpening má ekki hafa í sama húsi og mannaíbúðir.
162. 2. Peningshús eða áburðargeymsla má ekki standa nær vatnsbóli en 100 m og því aðeins svo nærri, að landi halli frá vatnsbóli.
162. 3. Loðdýrabú má ekki standa nær mannabústað, vinnustað eða vatnsbóli en 500 m, en að öðru leyti skal farið að fyrirmælum heilbrigðisnefndar um staðsetningu.

163. gr.

163. 1. Að öðru leyti skal gæta ákvæða 26. gr. þessarar reglugerðar, lögreglusamþykktar, byggingarsamþykktar og annarra laga og reglugerða, sem fjalla um þetta efni og gilda fyrir umdæmið.

XVIII. KAFLI

Um meðferð og sölu matvæla og annarra neyzluvara.

A. Almenn ákvæði.

164. gr.

164. 1. Í fyrirtækjum, þar sem matvæli og aðrar neyzluvörur eru framleiddar eða seldar, skulu húsakynni vera rúmgóð, björt og með möguleikum til loft-ræstingar eftir því, sem heilbrigðisnefnd telur þurfa.
164. 2. Í fyrirtækjum, þar sem matvæli og aðrar neyzluvörur eru framleiddar, geymdar eða seldar, skal gætt fullkomins hreinlætis og reglusemi bæði hvað snertir meðferð, geymslu og flutninga matvæla svo og hvað snertir húsakynni og tæki til framleiðslu og flutninga.
164. 3. Húsakynni skulu vera rottu- og músaheld.
164. 4. Fólk það, sem vinnur í fyrirtækinu, skal ástunda hreinlæti og reglusemi í starfi og vera í hentugum, hreinum, ljósum vinnufötum.
164. 5. Starfsfólk skal hafa greiðan aðgang að salerni með rennandi vatni (handlaug), sápu, naglabursta og hreinu handklæði eða pappírspurrkum.
164. 6. Öll meðferð matvæla, þar með talin upphitun á matvælum, sem ætluð eru til sölu í búðum eða á götum, skal háð leyfi heilbrigðisnefndar, sem getur gert ákveðnar kröfur um hreinlæti og aðra aðstöðu til þess að tryggja, að hlutaðeigandi matvæli óhreinkist ekki eða skemmist á annan hátt.
164. 7. Heilbrigðisnefnd getur gert kröfur um sérstakan útbúnað á slíkum stöðum til þess að útiloka flugur.

164. 8. Ef matvæli eru seld eða framleidd í húsum, sem ekki eru eiginlegar matvælaverzlanir, skal fá leyfi heilbrigðisnefndar til þess.
164. 9. Heilbrigðisnefnd getur, ef ástæða þykir til, gefið út sérstök fyrirmæli um innréttingu og rekstur fyrirtækja, þar sem framleidd eru, geymd eða seld matvæli og aðrar neyzluvörur.
164. 10. Nú er um að ræða götuverzlun úr vögnum, og skal þá vagninn vera greinilega merktur með nafni og heimilisfangi eigandans.
164. 11. Ekki má nota það húsnæði, sem viðurkennt hefur verið til sérstakra nota, til annars en það var upphaflega ætlað.
164. 12. Vegna fyrirtækja, sem vegna stærðar og rekstraraðferða eða sérstöðu falla ekki beint undir þá sérstöku verzlunarhætti, sem þessar reglur aðallega fjalla um (kjötverzlanir, áskurðarverzlanir, verzlanir með villibráð, fiskbúðir og mjólkurútsölu o. fl.), gefur heilbrigðisnefnd út, eftir umsókn og tilkynningu, sérstök fyrirmæli, sem kunna að vera nauðsynleg fyrir hollustusamega og hreinlega uppbyggingu, með fullu tilliti til þeirra vöruhegunda, sem um er að ræða hverju sinni.
164. 13. Afla ber leyfis fyrir hverja slíka starfsemi í byrjun og, ef eigendaskipti verða, en annars fjórða hvert ár.

165. gr.

165. 1. Heilbrigðisnefnd getur bannað götuverzlun og verzlun á heimilum, ef ætla má, að slíkur verzlunarmáti hafi í för með sér óþægindi og óhollustu í sambandi við geymslu, flutninga og útsölu þeirra sérstöku matvæla og neyzluvöru, sem um er að ræða hverju sinni.

166. gr.

166. 1. Uppfylli húsakynni ekki þau ákvæði, sem um getur í 164. gr., um fyrirkomulag, hreinlæti og reglusemi eða séu húsakynnin að öðru leyti talin óheppileg eða óhæf fyrir starfsemina, þá getur heilbrigðisnefnd bannað starfsemina og fyrirskipað lokun fyrirtækisins, unz umræddum kröfum eða ákvæðum hefur verið fullnægt.
166. 2. Enn fremur getur heilbrigðisnefnd gefið út bráðabirgðafyrirskipanir um bann gegn notkun hlutaðeigandi húsakynna, þegar hætta er álitin vera á útbreiðslu næmra sjúkdóma í sambandi við þau.

167. gr.

167. 1. Bannað er að hafa, taka með sér, eða hleypa hundum eða öðrum húsdýrum inn í húsakynni, þar sem framleidd eru eða seld matvæli og aðrar nauðsynjavörur, skv. þessum kafla.
167. 2. Fyrirmælin skal auglýsa almenningi með sérstöku auglýsingaspjaldi, sem hengt er upp á áberandi stað. Heilbrigðisnefnd lætur slík auglýsingaspjöld í té.

168. gr.

168. 1. Matvæli og aðrar neyzluvörur, sem ætlaðar eru mönnum, má aðeins bjóða til sölu og selja, ef þær eru í góðu ástandi og algerlega óskemmdar, enda séu þær framleiddar samkvæmt viðurkenndum framleiðsluaðferðum.
168. 2. Bannað er að geyma súrmat í málmhúðum ílátum.

169. gr.

169. 1. Heilbrigðisnefnd getur ákveðið, að næringarefni og aðrar neyzluvörur, sem samkv. ofangreindu ákvæði eru óhæfar til neyzlu, verði eyðilagðar eða á annan hátt gerðar óskaðlegar á kostnað eiganda eða framleiðanda.

170. gr.

170. 1. Heilbrigðisnefnd getur bannað sölu og neyzlu matvæla og annarra neyzluvara, sem reynast vera falsaðar, með óleyfilegum viðbótarefnum eða illa gerðar, jafnvel þótt þær séu í sjálfu sér hæfar til neyzlu.
170. 2. Heilbrigðisnefnd getur einnig fyrirskipað, að matvæli og aðrar neyzluvörur skuli seljast innan tiltekins tíma, ef til vill eftir sérstaka meðferð og með sérstakri yfirlýsingu eftir fyrimælum heilbrigðisnefndar.

171. gr.

171. 1. Við tilbúning matvæla, sem ætluð eru til sölu, er bannað að nota hráefni, sem í hafa verið sett efni til að auka geymslupól eða efni til litunar eða aflitunar, nema fyrir liggi, að þau séu fullkomlega óskaðleg fyrir heilsu manna.

172. gr.

172. 1. Fólk, sem er með húðsjúkdóma á háu stigi eða smitandi húðsjúkdóma eða er með óhrein sár eða óhreinar umbúðir á höndum og handleggjum, má ekki vinna við framleiðslu, flutning eða sölu matvæla eða annarrar neyzluvöru. Sama gildir um fólk, með smitandi sjúkdóma eða sem vitað er, að séu smitberar sérstakra slíkra sjúkdóma, nema fyrir liggi læknisvottorð um, að ekki sé nein hætt á að vörurnar mengist af þessum sökum.

173. gr.

173. 1. Reglur 172. gr. gilda einnig um heimilis- og götuverzlun, eftir því sem við getur átt.

174. gr.

174. 1. Fyrir reglugerðarbrot, sem rekja má til starfsmanna sjálfra, eru eigi aðeins þeir ábyrgir, heldur einnig eigandi fyrirtækisins, ef hægt er að telja, að vanræksla af hans hálfu sé ástæða til brotsins.

175. gr.

175. 1. Heilbrigðisnefnd má birta almenningi nafn þess, sem brotið hefur gróflega af sér í sambandi við ákvæði framanskráðra greina, en þó skal þeim brotlega áður hafa verið gert greinilega ljóst, hvað við gat legið.

176. gr.

176. 1. Hver sá, sem vill reka sláturhús, búa til matvæli eða neyzluvörur eða dreifa manna á meðal kjöti, kjötmeti, nýjum fiski, fiskmeti, mjólk, mjólkurafurðum, brauði, kökum, ávöxtum, aldinum eða grænmeti, skal sanna fyrir lögreglustjóra, meðal annars með vottorði héraðslæknis og heilbrigðisnefndar, að hann fullnægi skilyrðum laga nr. 24 1. febrúar 1936, þessarar reglugerðar og öðrum ákvæðum, sem sett hafa verið og sett kunna að verða um þess háttar starfsemi.
176. 2. Lögreglustjóri veitir leyfi til starfseminnar, þegar settum skilyrðum er fullnægt, og má hún ekki hefjast fyrr. Sama gildir ef starfsemin er flutt, skiptir um eiganda eða breytir um starfssvið.
176. 3. Venjulega heimilisframleiðslu á landbúnaðarafurðum er ekki skylt að tilkynna né heldur sölu á nýjum fiski, er sjómenn annast sjálfir úr bát eða á lendingarstað.

177 gr.

177. 1. Ekki má vera innangengt milli neyzluvörubúða eða neyzlavorugeymslna og íbúðarherbergja eða annarra herbergja, sem rekstrinum eru óviðkomandi.

177. 2. Lofthæð húsakynna skal vera a. m. k. 2.5 m.
 177. 3. Vélknúin loftræstingartæki skulu sett þar, sem heilbrigðisnefnd telur þörf á.
 177. 4. Aldrei má handfjatla óumbúna vöru, sem ætluð er til neyzlu eins og hún kemur úr búð, heldur skal nota til afgreiðslu á henni spaða, skeiðar, gaffla eða tengur eða annað, sem til þessa er ætlað.
 177. 5. Auglýsa skal á áberandi stað bann við að handfjatla eða snerta óumbúna matvöru.
 177. 6. Til umbúða má einungis nota hreinan umbúðapappír eða annað jafngildi.
 177. 7. Ef vart verður meindýra í neyzluvörubúð eða geymslu, skal tafarlaust gera ráðstafanir til að útrýma þeim, en ef það tekst ekki, verður að loka starfsemi.
 177. 8. Ekki má mæla út eða selja steinolíu eða annan slíkan daunillan varning í matvæla- eða nýlenduvöruverzlunum.

B. Um mjólk og mjólkurvörur.

178. gr.

178. 1. Sú mjólk, rjómi og önnur mjólkurvara, sem geymd er og seld í mjólkurbúðum, skal vera gerilsneydd.

179. gr.

179. 1. Heilbrigðisnefnd getur leyft framleiðendum að selja neytendum ógerilsneydda mjólk milliliðalaust, ef fylgt er öllum ákvæðum 164.—177. gr., svo og gætt 26. gr. og 36.—39. gr. Aldrei má þó mjólk, sem seld er á þann hátt, vera sambland frá tveimur eða fleiri framleiðendum (heimilum).
 179. 2. Heimilt er að selja gerilsneydda mjólk í lokuðum umbúðum, svo og mjólkurvöru í viðurkenndum matvöruverzlunum og matsölu- og veitingastöðum.
 179. 3. Mjólk eða mjólkurvöru má ekki selja á götum úti, nema heilbrigðisnefnd veiti leyfi til.

C. Um rjómaís og mjólkurís.

180. gr.

180. 1. Fitumagn rjómaíss, sem seldur er til neyzlu, má ekki vera minna en 9 af hundraði og fitumagn mjólkuríss ekki minna en 3 af hundraði.
 180. 2. Hvers konar blanda, sem notuð er í ísfraud, skal gerilsneydd.

D. Um brauð og kökur.

181. gr.

181. 1. Öll óumbúin brauðvara skal geymd í luktum skápum.
 181. 2. Brauð, sem ekki verða afgreidd með sérstökum tækjum (sbr. 177. gr. 4), skulu geymd og afhent í sérstökum umbúðum.

182. gr.

182. 1. Vöru, sem seld er í brauðbúðum, má ekki neyta þar inni, nema húsakynni og annar búnaður sé til þess gerður og heilbrigðisnefnd hafi veitt leyfi til.

183. gr.

183. 1. Heimabakaða brauðvöru má ekki selja, nema heilbrigðisnefnd hafi veitt leyfi til og farið sé að fyrirmælum hennar um allt, er máli skiptir.

184. gr.

184. 1. Brauðvöru má ekki selja á götum eða torgum, nema heilbrigðisnefnd hafi veitt leyfi til, og ekki má ganga með hana milli húsa til framboðs.

185. gr.

185. 1. Brauðvöru skal flytja milli brauðgerðarhúsa og búða í hreinum, lokuðum og rykheldum kössum.

186. gr.

186. 1. Húsakynni, sem ætluð eru til framleiðslu eða útsölu á kökum og brauði, þurfa að vera viðurkennd af heilbrigðisnefnd þegar við byrjun starfseminnar og í hvert sinn, þegar skipt er um eiganda.
186. 2. Heilbrigðisnefnd er heimilt að láta fara fram endurskoðun á veittu leyfi á 4 ára fresti með tilliti til framhalds starfseminnar.

187. gr.

187. 1. Heilbrigðisnefnd getur bannað notkun hættulegra efna og aðferða við framleiðslu vöru.
187. 2. Einnig getur heilbrigðisnefnd bannað geymslu á eitruðum eða hættulegum efnum á framleiðslustaðnum eða í námunda við hann.

188. gr.

188. 1. Þar sem brauð og kökur eru hafðar til sölu, skal svo hljóðandi auglýsing hengd upp á áberandi stað í verzluninni: „Samkvæmt heilbrigðisreglugerð er viðskiptavinum bannað að snerta á brauði og kökum, sem höfð eru til sýnis“. Slíka auglýsingu má fá á endurgjaldslaust hjá heilbrigðisnefnd eða heilbrigðisfulltrúa.
188. 2. Enn fremur skal hafa til sýnis á áberandi stað fyrirmæli, sem heilbrigðisnefnd lætur í té og fela í sér einstök atriði, sem heilbrigðisnefnd þykir ástæða til að leggja áherzlu á, í sambandi við framleiðslu, sölu og dreifingu matvæla.

E. Um kjötvörur.

189. gr.

189. 1. Kjöt og kjötvöru til daglegrar neyzlu má einungis selja í sérstökum kjötbúðum.
189. 2. Ekkert kjöt eða kjötvöru má selja út úr búð eða veitingahúsi, nema að undangenginni heilbrigðisnefnd og stimplun.
189. 3. Í kjötbúðum má einnig selja harðfisk í umbúðum, frystan fisk í umbúðum, fiskfars, lax, silung, niðursuðuvöru, feitmeti, álegg, osta, egg, kartöflur, rófur og grænmeti, svo og aðra vöru, er heilbrigðisnefnd leyfir sölu þar á.
189. 4. Um kjötbúð gilda sérstaklega þessi fyrirmæli:
189. 4.1. Gólf kjötbúðar skal vera vatnshelt og lagt flisum eða öðru jafngildi, rás skal vera úr gólfi niður í skolpræsi, veggir skulu flísalagðir, glerjaðir eða húðaðir öðru jafngildi, en búðin að öðru leyti máluð.
189. 4.2. Botn búðarborða skal vera a. m. k. 15 cm frá gólfi. Borð skulu lögð gleri, marmara eða öðru jafngildi. Matvæli, sem standa á borðum, skulu vera varin gleri.
189. 4.3. Kjötkrókar og kjötstengur skulu vera gljád, höggstokkar, ef notaðir eru, úr hörðum viði og eggjárn óryðguð.
189. 4.4. Viðkvæm vara, sem ætluð er til neyzlu eins og hún kemur úr búð, skal geymd í luktum skápum.
189. 4.5. Kæliklefi eða kælikápur skal vera í hverri kjötbúð.

F. Um meðferð og sölu á fiski.

190. gr.

190. 1. Með undantekningum, er getur í 191. grein, skal selja óunninn neyzlufisk í sérstökum fiskbúðum.
190. 2. Í fiskbúðum má einnig selja niðursuðuvöru, sjófugl, hval, sel, hákarl, harðfisk í umbúðum og aðra þá vöru, sem heilbrigðisnefnd leyfir sölu þar á.
190. 3. Um fiskbúðir gilda sérstaklega þessi fyrirmæli:
 - a. Gólf skal vera úr terrassó eða öðru jafngildi, með niðurfalli og hæfilegum halla að því.
 - b. Gengið skal þannig frá veggjum, að auðvelt sé að hreinsa þá.
 - c. Búðarborð skulu vera skúffulaus og klædd ryðfrium stálplötum eða öðru jafngildi. Skal þannig frá þeim gengið, að auðvelt sé að hreinsa undan þeim.
 - d. Kaldur geymsluklefi skal fylgja hverri búð.
 - e. Sérstakur upphitaður klefi skal ætlaður starfsfólki til fataskipta og og dvalar.
 - f. Í búð eða geymsluklefa skal vera þvottaker með rennandi vatni til fiskþvottar. Þar skal einnig vera lokað ílát undir fiskúrgang og ber að hreinsa það daglega.
 - g. Í búðinni skulu vera trog eða bakkar undir fisk, sem auðvelt er að hreinsa.
 - h. Kassar, sem notaðir eru til flutnings á fiski til neytenda, skulu vera með loki og gerðir úr efni, sem auðvelt er að hreinsa.
 - i. Ekki má láta fisk liggja á gólfi í búð eða geymslu.
 - j. Kæliklefi eða kælikápur skal vera í hverri fiskbúð.
 - k. Heitt og kalt rennandi vatn skal vera í fiskbúðum.

191. gr.

191. 1. Heimilt er sjómönnum að selja eigin afla úr bát á lendingarstað eða á götum úti.
191. 2. Við götusölu skal nota hreinlega, málaða vagna, og segir heilbrigðisnefnd fyrir um gerð þeirra.
191. 3. Hverjum fisksöluvagni skal fylgja lokað ílát undir úrgang.

192. gr.

192. 1. Frá 1. maí til septemberloka má ekki selja óslægðan fisk, og aldrei má selja fisk, sem hefur ekki verið slægður, áður en sólarhringur er liðinn frá því, er hann var deyddur.
192. 2. Allur neyzlufiskur skal vera hreinn og óskemmdur, ómarinn og að öllu leyti óaðfinnanlegur.
192. 3. Við flutning á fiski skal ætíð gætt fyllsta hreinlætis.

193. gr.

193. 1. Í fiskverkunarhúsum skal vera steinsteypt gólf með hæfilegu frárennsli.
193. 2. Veggir fiskverkunarhúsa skulu kalkaðir eða málaðir, nema heilbrigðisnefnd leyfi aðra tilhögun.
193. 3. Vatns- eða sjóleiðsla skal vera um allt húsið, með hreinu vatni eða sjó.

194. gr.

194. 1. Fiskhjallar til þurrkunar á skreið mega ekki vera nær íbúðarhúsum en 500 m.

G. Um meðferð og sölu annarra neyzluvara.

195. gr.

195. 1. Kornvöru, kex, sykur og aðrar neyzluvörur, sem ekki eru sérstök ákvæði um í samþykkt þessari og vegin er eða mæld jafnóðum og sala fer fram, skal geyma í vel luktum skúffum eða ilátum, er aldrei mega standa opin.
195. 2. Smjör, smjörlíki og ost skal geyma í kældum geymslum.

196. gr.

196. 1. Enn fremur ber að gæta ákvæða 26. gr. þessarar reglugerðar, svo og annarra laga og reglugerða, sem fjalla um framleiðslu, sölu og meðferð hvers konar matvæla og annarrar neyzluvöru og gilda fyrir umdæmið eða landið í heild.

XIX. KAFLI

Um reyk, mengaðar gufur, eitraðar lofttegundir og jónandi geislun.

197. gr.

197. 1. Húseigendum er skylt að halda kynditækjum sínum í því lagi, að þau reyki ekki eða valdi sótmyndun.
197. 2. Bifreiðaeigendum og öðrum eigendum flutningatækja er skylt að halda vélabúnaði flutningatækja í góðu lagi, svo að þau valdi ekki óþarfa reyk eða sótmyndun.
197. 3. Bannað er að láta bifreiðar standa óþarflega lengi í hægagangi. Í sambandi við verksmiðjur og iðnað, þar sem reykur og eitraðar eða daunillar lofttegundir myndast, getur heilbrigðisnefnd gefið út fyrirmæli um hæð reykháfa, hreinsunartæki og annan útbúnað, til að koma í veg fyrir, að óþrifnaður, óhollusta eða náttúruspjöll hljótist af.

198. gr.

198. 1. Eigendum og forráðamönnum er skylt að sjá um, að í fyrirtækjum þeirra og stofnunum sé jafnan, eftir því sem við verður komið, óspillt andrúmsloft og hóflega rakt, svo að ekki valdi starfsfólki eða vistmönnum óþægindum eða heilsutjóni. Hér ber sérstaklega að hafa í huga eiturefni, sem notuð eru í iðnaði, t. d. tetraklórolefni og tríklóreþýlen og því um líkt.
198. 2. Í sambandi við hættu af jónandi geislun getur heilbrigðisnefnd bannað tiltekin tæki og rannsóknaraðferðir eða fyrirskipað sérstakar varnaraðgerðir.

199. gr.

199. 1. Að öðru leyti ber að gæta ákvæða 26. greinar þessarar reglugerðar, lögreglusamþykktta, byggingarsamþykktta og annarra laga og reglugerða, sem um þetta efni fjalla og gilda fyrir umdæmið.

XX. KAFLI

Um hávaða og titring.

200. gr.

200. 1. Forráðamönnum verksmiðja, stofnana eða annarra fyrirtækja er skylt að gera allt, sem í þeirra valdi stendur, til þess að draga úr eða að koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða, eða hávaða til óþæginda.

200. 2. Nú er ekki, vegna eðlis starfseminnar, hægt að draga úr hávaða og er þá starfsmönnum skylt að nota heyrnarhlífar viðurkenndar af heilbrigðiseftirlitinu, sem fyrirtækið lætur þeim í té endurgjaldslaust, enda auki það ekki slyshættu að öðru leyti.

201. gr.

201. 1. Þegar meta skal heilsuspillandi áhrif hávaða fyrir starfsfólk, skal sérstaklega hafa í huga:
1. Styrk hávaðans mældan í desibel (decibel).
 2. Tónhæð hávaðans.
 3. Hvort hávaðinn er stöðugur eða breytilegur.
 4. Daglega tímalengd hávaðans.
 5. Heildartímabil, sem ætla má, að hávaðinn vari (dagar—vikur).

202. gr.

202. 1. Líta ber á 85 desibel sem hámark leyfilegs hávaða á vinnustöðum sbr. þó 201 gr. (2—5).

203. gr.

203. 1. Heilbrigðisnefnd getur bannað mjög hávaðasömum flutninga- og farartækjum umferð um tiltekna götur í íbúðahverfum allan sólarhringinn eða að kvöldlagi og um nætur eftir atvikum.

204. gr.

204. 1 Flugvelli má ekki staðsetja eða breyta þeim þannig, að heilsuspillandi hávaði hljóti af eða truflun á einkalífi manna, vinnufriði eða næturro.
204. 2. Sérstakt tillit ber hér að taka til sjúkrahúsa og annarra heilbrigðisstofnana.
204. 3. Bannað er að byggja íbúðarhús í nágrenni flugvalla í aðflugsstefnu flugbrauta.

205. gr.

205. 1. Að öðru leyti ber að gæta ákvæða 26. og 36. gr. þessarar reglugerðar, annarra laga, reglugerða og samþykktu, sem um þetta efni fjalla og gilda fyrir umdæmið eða allt landið.

XXI. KAFLI

Ýmis eiturefni.

206. gr.

206. 1. Heilbrigðiseftirlit ríkisins gefur í samráði við eiturefnanefnd, leiðbeiningar um meðferð og notkun skordýraeiturs, sveppaeiturs, fúkalyfja og hormóna, við garðrækt, skepnuhöld og matvælaframleiðslu.
206. 2. Skylt er að tilkynna heilbrigðisnefnd um notkun annarra eiturefna (pesticides), sem notuð eru til að eyða skaðlegum skordýrum á húsdýrum, á jurtum eða annars staðar.
206. 3. Einnig ber að tilkynna um eiturefni, sem notuð eru í öðrum tilgangi eða vart verður við.
206. 4. Aðilum ber að haga framkvæmdum og aðgerðum og allri meðferð slíkra eiturefna eftir fyrirmælum heilbrigðisnefndar, sem hefur samráð við Heilbrigðiseftirlit ríkisins og Eiturefnanefnd í öllum slíkum málum.
206. 5. Sérstaklega ber að sýna varkárni í notkun þessara eiturefna, þar sem einhvers konar matvælaframleiðsla eða meðferð matvæla fer fram eða matvæli eru geymd.

207. gr.

207. 1. Að öðru leyti ber að gæta ákvæða 26. gr. og 78.—82. gr. þessarar reglugerðar, svo og annarra laga og reglugerða, sem um þetta efni fjalla og gilda fyrir umdæmið eða landið í heild. Sbr. einkum ákvæði laga um eiturefni og hættuleg efni nr. 85/1968.

XXII. KAFLI

Um aðstoð heilbrigðisnefnda við sóttvarnir.

208. gr.

208. 1. Heilbrigðisnefnd skal aðstoða héraðslækni við sóttvarnir eftir óskum hans og þörfum.
208. 2. Nú kemur hættuleg farsótt upp, sem borizt getur með matvælum, og er þá heilbrigðisnefnd heimilt að setja um stundarsakir eftir tillögum héraðslæknis sérstök fyrirmæli: 1) Um hreinlæti utanhúss og innan. 2) Um meðferð og dreifingu matvæla. 3) Um annað, er að hollustuháttum lýtur. 4) Um bráðabirgðaráðningu fólks til sóttgæzlu og eftirlits.

209. gr.

209. 1. Að öðru leyti skal gætt ákvæða laga og reglugerða, sem um þetta efni fjalla og gilda fyrir umdæmið eða landið í heild, þ. á m. alþjóðlegra reglugerða um sóttvarnir í millilandaflutningum og á ferðalögum.

XXIII. KAFLI

Lokaákvæði.

210. gr.

210. 1. Fyrir brot gegn heilbrigðisreglugerð þessari, heilbrigðissamþykktum einstakra sveitarfélaga eða fyrirmælum gefnum samkvæmt þeim ákvæðum, skal refsa með sektum, en með varðhaldi, ef miklar sakir eru.
210. 2. Ef aðili sinnir ekki innan tiltekins frests, fyrirmælum heilbrigðisnefndar, getur hún ákveðið honum dagsektir, allt að 2000 krónum, þar til úr er bætt.
210. 3. Dagsektir renna í sveitarsjóð.
210. 4. Ef nokkur vanrækir að vinna verk, sem heilbrigðisnefnd hefur fyrirskipað skv. heilbrigðisreglugerð eða heilbrigðissamþykkt, er nefndinni heimilt að láta vinna verkið á kostnað hins vinnuskylda.
210. 5. Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sveitarsjóði, en innheimta síðan hjá hlutaðeigandi.
210. 6. Kostnað og dagsektir skv. 2. málsg. má innheimta með lögtaki.

211. gr.

211. 1. Heilbrigðisnefnd getur með samþykki sveitarstjórnar veitt undanþágur frá einstökum ákvæðum þessarar reglugerðar, en þá ber henni að leita umsagnar Heilbrigðiseftirlits ríkisins um málið.
211. 2. Komi upp ágreiningur á milli Heilbrigðiseftirlits ríkisins og heilbrigðisnefndar, má vísa málinu til heilbrigðismálaráðherra, sem sker úr um ágreininginn.

212. gr.

212. 1. Með mál, sem rísa út af brotum gegn reglugerð þessari eða heilbrigðissamþykktum, skal farið að hætti opinberra mála.

213. gr.

213. 1. Heilbrigðisreglugerð þessi öðlast gildi, jafnskjótt og hún hefur verið birt í Stjórnartíðindum.
213. 2. Jafnframt eru úr gildi numdar eftirfarandi heilbrigðissamþykktir, að undanteknum þeim ákvæðum einstakra samþykktá, sem ganga lengra en samsvarandi ákvæði þessarar heilbrigðisreglugerðar:
- Hbs. nr. 108/1947 fyrir Akraneskaupstað.
 - Hbs. nr. 57/1955 fyrir Akureyrarkaupstað.
 - Hbs. nr. 57/1908 fyrir Bíldudal, Litlu-Eyri, Hól.
 - Hbs. nr. 91/1936 fyrir Blönduóshrepp.
 - Hbs. nr. 60/1927 fyrir Borgarneshrepp.
 - Hbs. nr. 107/1904 fyrir Breiðdalshrepp í Suður-Múlasýslu.
 - Hbs. nr. 94/1910 fyrir Búðahrepp í Suður-Múlasýslu.
 - Hbs. nr. 44/1935 fyrir Dalvíkurkaupstún.
 - Hbs. nr. 30/1964 fyrir Eskifjarðarhrepp í Suður-Múlasýslu.
 - Hbs. nr. 12/1908 fyrir Eyrarbakkahepp í Árnessýslu.
 - Hbs. nr. 79/1906 fyrir Eyrarhrepp í Norður-Ísafjarðarsýslu.
 - Hbs. nr. 71/1928 fyrir Flatey á Breiðafirði.
 - Hbs. nr. 137/1961 fyrir Flateyrarhrepp í V.-Ísafjarðarsýslu.
 - Hbs. nr. 121/1916 fyrir Fljótsdalshrepp í Norður-Múlasýslu.
 - Hbs. nr. 17/1960 fyrir Garðahrepp.
 - Hbs. nr. 137/1908 fyrir Geithellnahrepp í Suður-Múlasýslu.
 - Hbs. nr. 127/1955 fyrir Hafnarfjarðarkaupstað.
 - Hbs. nr. 24/1949 fyrir Hafnarhrepp í Austur-Skaftafellssýslu.
 - Hbs. nr. 68/1908 fyrir kaptúnið Haukadal í Vestur-Ísafjarðarsýslu.
 - Hbs. nr. 89/1914 fyrir kaptúnið Hellissand og sjóþorpið Keflavík í Snæfellsnessýslu.
 - Hbs. nr. 62/1914 fyrir Hjalteyrarkaupstún.
 - Hbs. nr. 93/1961 fyrir Hofsóshrepp.
 - Hbs. nr. 78/1906 fyrir Hólshrepp í Norður-Ísafjarðarsýslu.
 - Hbs. nr. 116/1934 fyrir Hríseyjarhrepp.
 - Hbs. nr. 97/1913 fyrir Hrófbergshrepp í Strandasýslu.
 - Hbs. nr. 223/1952 fyrir Húsavíkurkaupstað.
 - Hbs. nr. 56/1907 fyrir Hvammshrepp í Skaftafellssýslu.
 - Hbs. nr. 90/1954 fyrir Ísafjarðarkaupstað.
 - Hbs. nr. 77/1932 fyrir Kaldrananeshrepp í Strandasýslu.
 - Hbs. nr. 132/1954 fyrir Keflavíkurkaupstað.
 - Hbs. nr. 95/1910 fyrir Kirkjuhvammshrepp í Vestur-Húnavatnssýslu.
 - Hbs. nr. 16/1958 fyrir Kópavogskaupstað með br. nr. 108/1965.
 - Hbs. nr. 99/1960 fyrir Laxárdalshrepp í Dalasýslu.
 - Hbs. nr. 80/1904 fyrir Litla-Árskógssandssjóþorp í Eyjafjarðarsýslu.
 - Hbs. nr. 162/1965 fyrir Miðneshrepp.
 - Hbs. nr. 150/1963 fyrir Mosfellshrepp með br. nr. 8/1966.
 - Hbs. nr. 8/1928 fyrir Neskaupstún í Norðfirði.
 - Hbs. nr. 177/1966 fyrir Njarðvíkurhrepp í Gullbringusýslu.
 - Hbs. nr. 105/1904 fyrir Norðfjarðarhrepp í Suður-Múlasýslu.
 - Hbs. nr. 34/1954 fyrir Ólafsfjarðarkaupstað.
 - Hbs. nr. 70/1903 fyrir Ólafsvíkursjóþorp.
 - Hbs. nr. 9/1928 fyrir Patreksfjarðarkaupstún.
 - Hbs. nr. 106/1904 fyrir Reyðarfjarðhrepp í Suður-Múlasýslu.
 - Hbs. nr. 11/1950 fyrir Reykjavík með br. nr. 140/1951 og nr. 220/1963.

- Hbs. nr. 106/1951 fyrir Sauðárkrókskaupstað.
 Hbs. nr. 59/1961 fyrir Seltjarnarneshrepp.
 Hbs. nr. 22/1966 fyrir Seyðisfjarðarkaupstað.
 Hbs. nr. 83/1929 fyrir Siglufjarðarkaupstað, með br. nr. 106/1936 og við-
 auka nr. 71/1945.
 Hbs. nr. 90/1936 fyrir Skagastrandarkauptún.
 Hbs. nr. 86/1912 fyrir Stokkseyrarkauptún í Árnessýslu.
 Hbs. nr. 69/1903 fyrir Stykkishólmskaupún.
 Hbs. nr. 215/1962 fyrir Suðureyrarhrepp.
 Hbs. nr. 80/1906 fyrir Súðavíkurbrepp í Norður-Ísafjarðarsýslu.
 Hbs. nr. 21/1960 fyrir Vestmannaeyjakaupstað.
 Hbs. nr. 104/1904 fyrir Vopnafjarðarkauptún.
 Hbs. nr. 69/1908 fyrir Þingeyri í Vestur-Ísafjarðarsýslu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. febrúar 1972.

Magnús Kjartansson.

Páll Sigurðsson.

HEILBRIGÐISREGLUGERÐ

Efnisyfirlit.

	Bls.
I. kafli. A. Almenn ákvæði. 1.—18. gr.	93
B. Um skipan og fundarstörf heilbrigðisnefndar. 19.—25. gr.	95
C. Um hlutverk og valdsvið heilbrigðisnefndar. 26.—29. gr.	97
D. Um heilbrigðisfulltrúa. 30. gr.	99
E. Um heilbrigðiseftirlit ríkisins. 31.—35. gr.	99
F. Ýmis ákvæði. 36.—39. gr.	100
II. kafli. Um hreinlæti og þrífnað utan húss. 40.—48. gr.	102
III. kafli. Um vatnsveitu, vatnsból og brunna. 49.—57. gr.	103
IV. kafli. Um salerni og frárennsli. 58.—68. gr.	105
V. kafli. Um hreinsun og meðferð sorps og úrgangs. 69.—77. gr.	107
VI. kafli. Um meindýr og ónytjadýr. 78.—84. gr.	108
VII. kafli. Um íbúðarhúsnæði. 85.—96. gr.	109
VIII. kafli. Um verksmiðjur og hvers konar aðra vinnustaði úti og inni. 97.—101. gr.	111
IX. kafli. Um gistihús, matsölur og aðra veitingastaði. 102.—107. gr. ..	112
A. Almenn ákvæði. 102.—107. gr.	112
B. Gistiskálar — „Motel“. 108. gr.	113
C. Söluskálar. 109. gr.	113
D. Tjaldbúðir. 110.—111. gr.	114
X. kafli. Um skóla, kennslustaði og barnaheimili, þar með talin sum- ardvalarheimili og dagvistarheimili. 112.—121. gr.	114
XI. kafli. Um rakarastofur, hárgreiðslustofur og hvers konar aðrar snyrtistofur. 122.—126. gr.	116
XII. kafli. Um heilbrigðisstofnanir, hæli, íþróttastöðvar og baðstaði. 127.—131. gr.	117
XIII. kafli. Um fangelsi og aðrar vistarverur handtekinna manna 132. —135. gr.	117
XIV. kafli. Um samkomuhús. 136.—139. gr.	118

	Bls.
XV. kafli. Um kirkjugarða, bálstofur, líkhús, líkgeymslu og líkflutninga. 140.—148. gr.	118
XVI. kafli. Um almenn samgöngutæki. 149.—158. gr.	119
XVII. kafli. Um peningshús, búrekstur og skepnuhöld. 159.—163. gr. ..	120
XVIII. kafli. Um meðferð og sölu matvæla og annarra neyzluvara.	
A. Almenn ákvæði. 164.—177. gr.	121
B. Um mjólk og mjólkurvörur. 178.—179. gr.	124
C. Um rjómaís og mjólkurís. 180. gr.	124
D. Um brauð og kökur. 181.—188. gr.	125
E. Um kjötvörur. 189. gr.	125
F. Um meðferð og sölu á fiski. 190.—194. gr.	126
G. Um meðferð og sölu annarra neyzluvara. 195.—196. gr.	127
XIX. kafli. Um reyk, mengaðar gufur, eitraðar lofttegundir og jónandi geislun. 197.—199. gr.	127
XX. kafli. Um hávaða og titring. 200.—205. gr.	127
XXI. kafli. Um ýmis eiturefni. 206.—207. gr.	128
XXII. kafli. Um aðstoð heilbrigðisnefnda við sóttvarnir. 208.—209. gr. ..	129
XXIII. kafli. Lokaákvæði. 210.—213. gr.	129

AUGLÝSING

um að Fleyteyjarhreppur í Suður-Þingeyjarsýslu skuli sameinaður Hálshreppi í sömu sýslu.

Samkvæmt samþykkt hreppsnefndar Hálshrepps og meðmælum sýslunefndar Suður-Þingeyjarsýslu um, að Flateyjarhreppur verði sameinaður Hálshreppi, vill ráðuneytið samkvæmt lögum nr. 70 12. maí 1970 um sameiningu sveitarfélaga, sbr. sveitarstjórnarlög nr. 58 29. marz 1961, tilkynna eftirfarandi:

1. Flateyjarhreppur skal sameina Hálshreppi í eitt sveitarfélag, er nefnist Hálshreppur.
2. Hálshreppur hinn nýi skal taka yfir allt land Flateyjarhrepps og Hálshrepps hinna fornu og skulu mörk Hálshrepps hins nýja vera hin sömu og þau voru gagnvart Grýtubakkahreppi, Svalbarðsstrandahreppi, Öngulsstaðahreppi, Ljósavatnshreppi og Bárðdælahreppi.
3. Íbúar Flateyjarhrepps og Hálshrepps skulu vera þegnar hins nýja Hálshrepps.
4. Eignir, skuldir, skyldur og réttindi, sem tilheyra hvoru sveitarfélagi, Flateyjarhreppi og Hálshreppi, skulu tilheyra hinum nýja Hálshreppi.
5. Þangað til settar hafa verið nýjar reglugerðir og samþykktir fyrir hið nýja sveitarfélag, skulu reglugerðir þær og samþykktir, sem nú eru í gildi í báðum sveitarfélögunum gilda, eftir því sem við á.
6. Gildistaka sameiningarinnar er ákveðin 1. marz 1972.
7. Sveitarstjórn sú er var kjörin í Hálshreppi í kosningum 28. júní 1971 skal vera löglega kjörin sveitarstjórn hins nýja Hálshrepps og er kjörtími hennar til næstu almennra sveitarstjórnarkosninga.

Félagsmálaráðuneytið, 23. febrúar 1972.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.